

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir
varðandi Úkraínu, nr. 281/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluhöfðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 3.74 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1738 frá 24. júní 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.74.
- 4.82 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1739 frá 24. júní 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.82.
- 7.37 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1744 frá 24. júní 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.37.
- 8.29 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1745 frá 24. júní 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.29.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 17. október 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 3.74.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1738**

frá 24. júní 2024

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Í ályktunum sínum frá 21. og 22. mars 2024 ítrekaði leiðtogaráðið einarðan stuðning Sambandsins við sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar og viðurkenndi sjálfgefinn rétt hennar til að verja sig gegn árásum Rússlands. Leiðtogaráðið kallaði einnig eftir frekari ráðstöfunum til að veikja getu Rússlands til að halda áfram að heyja árásarstríð sitt, m.a. með því að efla refsiaðgerðir.
- 3) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir rétt að samþykkja frekari þvingunaraðgerðir.
- 4) Einkum telur ráðið að bæta ætti 69 aðilum og 47 rekstrareiningum, sem bera ábyrgð á aðgerðum sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, á skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem þvingunaraðgerðir taka til, sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 5) Rétt þykir að taka upp undanþágu sem heimilar að fjármunir, sem frystir voru vegna aðkomu milligöngu-banka, sem er á skrá, að millifærslu þeirra, verði affrystir, að uppfylltum þeim skilyrðum að millifærslan fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem eru ekki á skrá, og í gegnum reikninga hjá lánastofnunum sem ekki eru á skrá. Auk þess þykir rétt að taka upp undanþágu sem heimilar að fjármunir, sem frystir voru vegna aðkomu útgáfubanka, sem er á skrá, að millifærslu þeirra, verði affrystir, með því skilyrði að millifærslan fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem eru ekki á skrá.
- 6) Í samræmi við markmið sameiginlegrar stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum um að varðveita frið, styrkja alþjóðaöryggi og stuðla að alþjóðlegri samvinnu, lýðræði og réttarríkinu, og nánar tiltekið markmið ákvörðunar 2014/145/SSUÖ, þykir rétt að tryggja að skjöl í vörslu ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („ædsta fulltrúans“) er varða framfylgd þvingunaraðgerða, sem settar eru fram í þeirri ákvörðun eða í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽²⁾, eða sem varða það að koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, falli undir þagnarskyldu og að þau njóti þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita, þar sem hægt væri að nota upplýsingar í þessum skjölum til að hindra framfylgd þessara aðgerða eða stofna árangri þeirra í hættu, þar eð viðkomandi aðilar og rekstrareiningar gætu reynt að koma í veg fyrir framfylgd þeirra. Einnig ætti að tryggja sömu vernd fyrir tillögur ædsta fulltrúans að breytingum á ákvörðun 2014/145/SSUÖ og öll tengd undirbúningsskjöl, þar sem birting þeirra gæti haft áhrif á skilvirkni aðgerðanna sem settar eru fram í þeirri ákvörðun eða í reglugerð (ESB) nr. 269/2014 og undirbúning síðari tillagna og viðræður á grundvelli þeirra. Tilteknar ráðstafanir sem koma fram í slíkum tillögum og sem ráðið getur ekki samþykkt af ýmsum ástæðum, eru oft settar fram í síðari tillögum af ædsta fulltrúanum og framkvæmdastjórninni. Mikilvægt er að vernda þetta frumkvæðisvald gegn því að opinberir eða einkahagsmunaaðilar beiti áhrifum sínum til að reyna að þrýsta á stofnanir og þjónustustofnanir Sambandsins, utan skipulagðs samráðs, til að leggja fram tillögu að breytingu, samþykkja, breyta eða koma sér saman um breytingu. Birting þeirra gæti gert hugsanlegar nýjar ráðstafanir um frystingu eigna óskilvirkar vegna þess að fyrirhuguð samþykkt þeirra hefði þegar verið opinberuð. Því má gera ráð fyrir því að birting slíkra skjala myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/145/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 2. gr.:

„31. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, og að því tilskildu að fjármunirnir sem um ræðir hafi verið frystir vegna aðkomu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í viðaukanum við þessa ákvörðun, sem kom fram sem milligöngubanki við millifærslu þessara fjármuna frá Rússneska sambandsríkinu til Sambandsins, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að tilteknir frystir fjármunir verði affrystir eftir að hafa ákvarðað að millifærsla þeirra:

- a) fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru ekki á skrá í viðaukanum við þessa ákvörðun,
- b) fari fram í gegnum reikninga hjá lánastofnunum sem ekki eru á skrá í viðaukanum við þessa ákvörðun og
- c) sé ekki brot á 2. mgr. þessarar greinar.

Þessi málsgrein gildir ekki í tengslum við frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í vörslu verðbréfamíðstöðva í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

32. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, og að því tilskildu að greiðslan sem um ræðir hafi verið fryst vegna millifærslu frá Rússneska sambandsríkinu til Sambandsins, sem framkvæmd var í gegnum eða frá lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í viðaukanum við þessa ákvörðun, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að þessi frysta greiðsla verði affryst eftir að hafa ákvarðað að millifærsla hennar:

- a) fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru ekki á skrá í viðaukanum við þessa ákvörðun,
- b) sé ekki brot á 2. mgr. þessarar greinar.

Þessi málsgrein gildir ekki í tengslum við frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í vörslu verðbréfamíðstöðva í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

Eingöngu ríkisborgarar í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss eða einstaklingar sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, geta verið réttthafar millifærslu eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Veita má hverjum umsækjanda eina heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„4. gr. a

1. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari ákvörðun, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita. Sama vernd skal gilda um tillögur æðsta fulltrúans að breytingum á þessari ákvörðun og öll undirbúningsskjöl sem þeim tengjast.

2. Gera skal ráð fyrir því að birting skjala eða tillagna, sem um getur í 1. mgr., myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjunum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“

3) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,
forseti.*

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1738/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 4.82.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1739****frá 24. júní 2024****um breytingu á reglugerð ESB nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽²⁾ koma þær þvingunaraðgerðir til framkvæmda sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 2) Hinn 24. júní 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1738⁽³⁾ um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1738 er innleidd undanþága sem heimilur að fjármunir, sem frystir voru vegna aðkomu milligöngubanka, sem er á skrá, í millifærslu þeirra, verði affrystir, með þeim skilyrðum að millifærslan fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem ekki eru á skrá, og í gegnum reikninga hjá lánastofnunum sem ekki eru á skrá. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1738 er einnig innleidd undanþága sem heimilur að fjármunir, sem frystir voru vegna aðkomu útgáfubanka, sem er á skrá, í millifærslu þeirra verði affrystir, að uppfylltum þeim skilyrðum að millifærslan fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem ekki eru á skrá.
- 3) Rétt þykir að skýra að ekki er hægt að skírskota til varnar gegn bótaábyrgð sem veitt er rekstraraðilum í Sambandinu, ef þeir vissu ekki og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla að aðgerðir þeirra myndu brjóta í bága við þvingunaraðgerðir Sambandsins, ef rekstraraðilar í Sambandinu hafa ekki framkvæmt viðeigandi áreiðanleikakönnun. Rétt þykir að taka tilhlýðilegt tillit til fyrirliggjandi upplýsinga sem eru aðgengilegar almenningi eða tiltækar við framkvæmd slíkrar áreiðanleikakönnunar. Rekstraraðili í Sambandinu getur því t.d. ekki beitt fyrir sig slíkri vernd þegar hann er sakaður um brot gegn viðeigandi þvingunaraðgerðum þar sem hann hefur ekki framkvæmt einfaldar athuganir eða skoðanir.
- 4) Til að tryggja samræmi við túlkun Dómstóls Evrópusambandsins í máli C-72/11 ætti að breyta ákvæðinu sem bannar sniðgöngu til að skýra að kröfurnar um þekkingu og ásetning séu ekki aðeins uppfylltar þegar aðili leitast vísitandi við að sniðganga þvingunaraðgerðir eða valda því að þær séu sniðgengnar heldur einnig þegar aðila sem tekur þátt í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þvingunaraðgerðir eru sniðgengnar er ljóst að slík þátttaka getur haft það markmið eða þau áhrif og sættir sig við þann möguleika.
- 5) Rétt þykir að innleiða ákvæði sem gerir ríkisborgurum og fyrirtækjum aðildarríkja kleift að sækja bætur frá Rússneskum einstaklingum og rekstrareiningum sem hafa valdið þeim tjóni. Það tekur til tjóns á fyrirtækjum sem þeir eiga eða eru undir stjórn þeirra, í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum af ráðstöfununum sem gripið er til samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 269/2014, að því tilskildu að viðkomandi ríkisborgari eða fyrirtæki aðildarríkis hafi ekki greiðan aðgang að úrræðum, t.d. samkvæmt viðkomandi tvíhliða fjárfestingarsamningi. Slíkar bætur má sækja fyrir dómstólum aðildarríkis í samræmi

við viðeigandi ákvæði laga Sambandsins og aðildarríkisins sem varða lögsögu og meðferð fyrir dómstólum í einkamálum og viðskiptamálum, þ.m.t. þau sem varða mögulegar bráðabirgðaaðgerðir.

- 6) Til að vekja athygli á framfylgd aðgerða þykir rétt að aðildarríki geri grein fyrir viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum.
- 7) Ef einstaklingur eða lögaðili tilkynnir sjálfviljugur, að öllu leyti og tímanlega um brot á þvingunaraðgerðunum ættu lögbær innlend stjórnvöld að geta tekið tilhlýðilegt tillit til þeirrar sjálfstilkynningar við beitingu viðurlaga, eins og við á, í samræmi við landsbundin stjórnvaldslög eða önnur viðeigandi landslög eða reglur. Þær ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226⁽⁴⁾ og þær kröfur sem þar eru settar fram varðandi mildandi aðstæður, gilda.
- 8) Í samræmi við markmið sameiginlegrar stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum um að varðveita frið, styrkja alþjóðaöryggi og stuðla að alþjóðlegri samvinnu, lýðræði og réttarríkinu, og nánar tiltekið markmið ákvörðunar 2014/145/SSUÖ, þykir rétt að tryggja að skjöl í vörslu ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („ædsta fulltrúans“) er varða framfylgd þvingunaraðgerða, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 269/2014, eða sem varða það að koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, falli undir þagnarskyldu og að þau njóti þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita, þar sem hægt væri að nota upplýsingar í þessum skjölum til að hindra framfylgd þessara aðgerða eða stofna árangri þeirra í hættu, þar eð viðkomandi aðilar og rekstrareiningar gætu reynt að koma í veg fyrir framfylgd þeirra. Einnig ætti að tryggja sömu vernd fyrir sameiginlegar tillögur ædsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 og öll tengd undirbúningsskjöl, þar sem birting þeirra gæti haft áhrif á skilvirkni aðgerðanna sem settar eru fram í ákvörðun 2014/145/SSUÖ og í þeirri reglugerð og undirbúning síðari tillagna og viðræður á grundvelli þeirra. Tilteknar ráðstafanir sem koma fram í slíkum sameiginlegum tillögum og sem ráðið getur ekki samþykkt af ýmsum ástæðum, eru oft settar fram í slíkum tillögum af ædsta fulltrúanum og framkvæmdastjórninni. Mikilvægt er að vernda þetta frumkvæðisvald gegn því að opinberir eða einkahagsmunaaðilar beiti áhrifum sínum til að reyna að þrýsta á stofnanir og þjónustustofnanir Sambandsins, utan skipulagðs samráðs, til að leggja fram tillögu að breytingu, samþykkja, breyta eða koma sér saman um breytingu. Birting þeirra gæti gert hugsanlegar nýjar ráðstafanir um frystingu eigna óskilvirkar vegna þess að fyrirhuguð samþykkt þeirra hefði þegar verið opinberuð. Því má gera ráð fyrir því að birting slíkra skjala myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.
- 9) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 10) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 6. gr. b bætast eftirfarandi málsgreinar við:

„5h. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessarar reglugerðar, og að því tilskildu að fjármunirnir sem um ræðir hafi verið frystir vegna aðkomu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð, sem kom fram sem milligöngubanki við millifærslu þessara fjármuna frá Rússneska sambandsríkinu til Sambandsins, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að tilteknir frystir fjármunir verði affrystir eftir að hafa ákvarðað að millifærsla þeirra:

- a) fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru ekki á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð,
- b) fari fram í gegnum reikninga hjá lánastofnunum sem ekki eru á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð og
- c) sé ekki brot á ákvæðum 2. mgr. 2. gr. eða 9. gr. þessarar reglugerðar.

Þessi málsgrein gildir ekki í tengslum við frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í vörslu verðbréfamíðstöðva í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

5i. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessarar reglugerðar, og að því tilskildu að greiðslan sem um ræðir hafi verið fryst vegna millifærslu frá Rússneska sambandsríkinu til Sambandsins, sem framkvæmd var í gegnum eða frá lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð, geta lögbær stjórn-

völd aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að þessi frysta greiðsla verði affryst eftir að hafa ákvarðað að millifærsla hennar:

- a) fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru ekki á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð og
- b) sé ekki brot á ákvæðum 2. mgr. 2. gr. eða 9. gr. þessarar reglugerðar.

Þessi málsgrein gildir ekki í tengslum við frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í vörslu verðbréfa-miðstöðva í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

Eingöngu ríkisborgarar í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss eða einstaklingar sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, geta verið réttahafar millifærslu eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Veita má hverjum umsækjanda eina heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

- 2) Í stað 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin sem sett eru fram í þessari reglugerð eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að leitast vísitandi við að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.“

- 3) Eftirfarandi grein er bætt við:

„11. gr. a

Sérhver aðili sem um getur í c- eða d-lið 17. gr. skal, með dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkisins, eiga rétt á skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá aðili stofnar til vegna krafna, sem aðilar, rekstrareiningar og stofnarnir, sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 11. gr., stofna til í þriðju löndum í tengslum við samning eða viðskipti sem hefur orðið fyrir áhrifum á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, með þeim ráðstöfunum sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki greiðan aðgang að úrræðum samkvæmt viðkomandi lögsögu.“

- 4) Í stað b-liðar 1. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„b) að því er varðar brot á ákvæðum og vandkvæði samfara framkvæmd, viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.“

- 5) Í stað 1. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög, þ.m.t. refsiviðurlög eins og við á, við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif og geta tekið tillit til valfrjálstrar sjálfstilkynningar um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar sem mildandi þáttar, í samræmi við viðeigandi landslög. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að gera ágóða af slíkum brotum upptækan.“

- 6) Í stað 16. gr. a kemur eftirfarandi:

„16. gr. a

1. Allar upplýsingar, sem framkvæmdastjórninni eru látnar í té eða hún veitir viðtöku samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, eru eingöngu ætlaðar framkvæmdastjórninni til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

2. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita. Sama vernd skal gilda um sameiginlegar tillögur æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á þessari reglugerð og öll undirbúningsskjöl sem þeim tengjast.

Gera skal ráð fyrir því að birting slíkra skjala eða tillagna, sem um getur í fyrstu undirgrein, myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(¹) Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16.

(²) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6).

(³) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1738 frá 24. júní 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2024/1738, 24.6.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1738/oj>).

(⁴) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226 frá 24. apríl 2024 um skilgreiningu á refsiverðum brotum og viðurlægum vegna brota á þvingunaraðgerðum Sambandsins og breytingu á tilskipun (ESB) 2018/1672 (Stjtið. ESB L, 2024/1226, 29.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1226/oj>).

Fylgiskjal 7.37.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1744

frá 24. júní 2024

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ(¹).
- Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- Í ályktunum sínum frá 14. og 15. desember 2023 ítrekaði leiðtoga ráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði að Sambandið styður enn staðfastlega sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar og sjálfgefinn rétt hennar til að verja sig gegn árásum Rússlands. Leiðtoga ráðið lýsti því einnig yfir að veikja verði enn frekar getu Rússlands til að heyja árásarstríð, s.s. með enn frekari eflingu refsiaðgerða og fullri og skilvirkri framkvæmd þeirra og með því að koma í veg fyrir sniðgöngu þeirra, einkum hvað varðar vörur sem mikil áhætta fylgir, í nánú samstarfi við samstarfsaðila og bandamenn.
- Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir.
- Rétt þykir að breyta banninu við því að lenda á, hefja sig til flugs frá eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins þannig að það gildi einnig um öll loftför sem eru notuð í óreglubundnu flugi og þar sem rússneskur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun er í aðstöðu til að ákvarða með skilvirkum hætti stað eða tímasetningu flugtaks eða landingar, s.s. til að verða við beiðni rússneskra einstaklinga um að vera fluttur til tiltekinna orlofsstaða eða beiðni rússneskra lögaðila um að flytja starfsmenn þeirra á viðskiptafundi í Sambandinu eða viðskiptavini þeirra á ferðamannastaði. Sú breyting miðar að því að koma í veg fyrir sniðgöngu banns við því að lenda á, hefja sig til flugs frá eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins og að því að vinna enn frekar að því markmiði að beita ríkisstjórn Rússlands óbeinum hámarksþrýstingi til þess að binda enda á aðgerðir sínar og stefnur sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu og árásarstríði gegn landinu. Bannið gildir ekki um loftfar sem rússneskur einstaklingur stýrir einungis án þess að vera í aðstöðu til að ákvarða með skilvirkum hætti stað eða tíma fyrir flugtak eða landingu, s.s. ef um er að ræða flugmenn sem starfa hjá flugrekendum sem ekki eru rússneskir. Rétt þykir að innleiða undanþágu fyrir

tiltekin loftför þegar þau eru notuð fyrir einkaflug, sem er ekki í atvinnuskyni, innan yfirráðasvæðis og loftrýmis Sambandsins í tómstunda- eða þjálfunarskyni.

- 6) Í því skyni að tryggja samræmdar reglur í öllu Sambandinu og berjast gegn því að flugbannið verði sniðgengið þykir einnig rétt að setja þær skyldur á flugrekendur að láta í té, að ósk lögbærra stjórnvalda í aðildarríkinu, sem er brottfarar-, ákvörðunar- eða lendingarstaður, upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sannreyna hvort flugbannið sé virt, þ.m.t. upplýsingar um eignarhald á loftfarinu og um farþega ef gildar ástæður eru til að ætla að flugbannið hafi verið sniðgengið. Slíkar upplýsingar skulu lagðar fram innan frests sem lögbær stjórnvöld hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja setja.
- 7) Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þykir rétt að breyta banni við vöruflutningum á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi. Banna ætti rekstraraðilum í Sambandinu, sem eru 25% eða meira í eigu rússnesks einstaklings eða lögaðila, að gerast flutningafyrirtæki á vegum eða flytja vörur á vegum í Sambandinu, þ.m.t. með gegnumflutningi. Bannið gildir ekki um flutningafyrirtæki á vegum í eigu ríkisborgara með tvöfalt ríkisfang eða rússneskra ríkisborgara sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki. Flutningafyrirtæki á vegum ættu að upplýsa lögbær innlend stjórnvöld um skipulag eignarhalds síns, óski þau eftir því.
- 8) Þar sem umtalsverðar birgðir eru til af demöntum sem eru geymdar utan Rússlands og eru ekki lengur tekjur fyrir Rússland, en gætu þurft að vera fluttar út til vinnslu eða fluttar inn eftir vinnslu, er rétt að skýra að óslípaðir demantar sem fluttir eru inn frá Rússlandi fyrir 1. janúar 2024 og slípaðir demantar sem fluttir eru inn frá Rússlandi eða framleiddir fyrir 1. mars 2024 eða 1. september 2024, eftir þyngd demants, falla ekki undir bann varðandi demanta. Einnig þykir rétt að breyta banninu við rússneskum demöntum til að heimila tímabundinn inn- eða útflutning á skartgripum vegna viðgerða, uppboða og kaupstefna. Auk þess þykir rétt að breyta gildissviði og gildistökudegi kröfunnar um sönnun byggða á rekjanleika.
- 9) Markaðurinn fyrir skartgripi með demöntum er hnattrænn og hefur rik innbyrðis tengsl. Þvingunaraðgerðir varðandi slíka skartgripi eru skilvirkari og sniðganga þeirra ólíklegri þegar gripið er til þeirra í samkomulagi við helstu samstarfsaðila Sambandsins, s.s. G7-hópin. Óbeina innflutningsbannið á rússneska demanta, sem eru unnir í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, gildir því tímabundið ekki um skartgripi sem innihalda slíka demanta þar til ráðið ákveður annað í ljósi aðgerða innan G7-hópsins til að framfylgja þeirri ráðstöfun.
- 10) Rússland hefur umtalsverðar tekjur af sölu og flutningi fljótandi jarðgass. Rétt þykir að leggja bann við endurfermingarþjónustu á yfirráðasvæði Sambandsins vegna umfermunaraðgerða þar sem slík þjónusta er notuð til umfermunar á fljótandi, rússnesku jarðgasi nema ef um er að ræða slíka umfermingu til aðildarríkjanna. Bannið ætti bæði að ná til tilfærslu frá skipi til skips og tilfærslu frá skipi til lands og endurfermingaraðgerða. Stoðþjónusta í tengslum við slíka umfermingu er einnig bönnuð. Bannið hefur ekki áhrif á innflutning til Sambandsins eða afhendingaröryggi aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin skal vakta og gefa ráðinu skýrslu um þróun varðandi fljótandi jarðgas sem tengist banninu og leggja til mótvægisráðstafanir ef mikilvæg þróun verður í tengslum við það.
- 11) Einnig þykir rétt að leggja bann við nýjum fjárfestingum og banna að láta í té vörur, tækni og þjónustu til að ljúka verkefnum sem varða fljótandi jarðgas, s.s. „Arctic LNG 2“ og „M Murmansk LNG“. Það bann ætti ekki að hafa áhrif á kaup og innflutning á fljótandi jarðgasi frá rússneskum birgðastöðvum eða fjármálaþjónustu sem veitt er til slíkra verkefna vegna fljótandi jarðgass. Slík ráðstöfun takmarkar útvíkkun á getu Rússlands hvað varðar fljótandi jarðgas og þar með tekjur Rússlands.
- 12) Rétt þykir að innleiða innflutningstakmarkanir á fljótandi, rússneskt jarðgas um birgðastöðvar í Sambandinu fyrir fljótandi jarðgas sem eru ekki tengdar við samtengda jarðgaskerfið. Þetta er markviss ráðstöfun sem hefur einungis áhrif á tiltekna starfsstöðvar í tilteknum aðildarríkjum. Hún hindrar ekki á nokkurn hátt innflutning á fljótandi, rússnesku jarðgasi gegnum aðrar starfsstöðvar í Sambandinu og hefur ekki skaðleg áhrif á gasmarkað Sambandsins eða afhendingaröryggi, þ.m.t. á aðgengilegt magn og verð. Takmarkanir þessar ættu ekki að hafa áhrif á afhendingu fljótandi, rússnesks jarðgass frá meginlandi aðildarríkis til ystu svæða þess.
- 13) Rétt þykir að innleiða, innan tiltekinna geira, bann við aðgangi að höfnum og skipastigum aðildarríkjanna, sem og margs konar þjónustu í tengslum við sjóflutninga fyrir skip sem stuðla að getu Rússlands til að heyja stríð gegn Úkraínu. Sú ráðstöfun ætti að takmarka starfsemi skipa sem taka þátt í flutningi á vörum sem afla tekna fyrir hernað Rússlands eða skipa sem eru starfrækt til að leggja af mörkum eða styðja við aðgerðir eða stefnur sem styðja við aðgerðir Rússlands gegn Úkraínu. Skip sem falla undir þvingunaraðgerðirnar eru á skrá í XVI. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ. Þvingunaraðgerðir Sambandsins, sem eru nauðsynlegt tæki í sameiginlegri stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum gegn árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, beinast ekki að skipum sem sigla undir fána Sambandsins. Slík skip eru starfrækt samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum og verða að uppfylla skuldbindingar sínar í samræmi við þau. Lögbær

stjórnvöld í aðildarríkjunum ættu að innleiða og framfylgja takmarkandi ráðstöfunum Sambandsins innan lögsögu hvers þeirra um sig að því er varðar skip sem sigla undir fána Sambandsins. Enn fremur þykir rétt að skýra gildissvið banns við aðgangi að höfnum fyrir skip sem sigla undir rússneskum fána og bæta við undanþágu.

- 14) Rétt þykir að lagt bann við kaupum, innflutningi, tilflutningi eða útflutningi á úkraínskum menningareignum og öðrum fornleifafræðilegum, sögulegum, menningarlegum, sjaldgæfum, vísindalegum eða trúarlegum munum þar sem rökstuddur grunur er um að eignirnar eða munirnir hafi verið fluttar ólöglega frá Úkraínu. Enn fremur þykir rétt að setja bann við tengda þjónustu.
- 15) Árið 2020 setti Rússland ný ákvæði í reglur sínar um gerðardómsmeðferðir í þeim tilgangi að tryggja, nema annað sé ákveðið í alþjóðlegum sáttmála Rússlands eða með samkomulagi aðilanna, óskiptar valdheimildir dómstóla í Rússlandi í deilumálum sem varða þátttöku aðila sem sæta þvingunaraðgerðum eða í deilumálum eins rússnesks eða erlends aðila við annan rússneskan eða erlendan aðila, ef grundvöllur slíkra deilna er þvingunaraðgerðir. Slík löggjöf, sem rússneskir dómstólar hafa beitt með viðtækum hætti, hefur það skýra markmið eða þau áhrif að knýja fram fullnustu krafna gegn eignum fyrirtækja í Sambandinu í erlendri lögsögu, krafna sem þeim væri annars bannað að fullnusta samkvæmt ákvörðun 2014/512/SSUÖ og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014⁽²⁾, eða samkvæmt ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ⁽³⁾ og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽⁴⁾. Í því skyni að auka kostnað Rússneska sambandsríkisins vegna ólöglegra aðgerða þess í Úkraínu og fá það til að binda enda á slíkar aðgerðir þykir þar af leiðandi rétt að gera slíkt mögulegt með því að setja viðskiptabann á þau félög sem nýta sér þessi ákvæði rússneskra laga.
- 16) Seðlabanki Rússlands hefur þróað „sendingakerfi fjármálaskilaboða (SPFS)“, sem er sérhæft fjármálaskilaboðapjónusta til að skiptast á fjármálagögnum sem miðar að því að draga úr áhrifum þeirra aðgerða sem komið var á með ákvörðun 2014/512/SSUÖ reglugerð (ESB) nr. 833/2014, einkum að því er varðar banka- og fjármálagæirann. Í því skyni að halda þróun sendingakerfis fjármálaskilaboða (SPFS) í skefjum, draga úr getu Rússlands til að heyja stríð og koma í veg fyrir röskun á þeim aðgerðum, sem komið var á með ákvörðun 2014/512/SSUÖ og reglugerð (ESB) nr. 833/2014, þykir rétt að leggja bann við því að rekstrareiningar innan Sambandsins, sem starfa utan Rússlands, tengist með beinum hætti sendingakerfi fjármálaskilaboða (SPFS) eða sambærilegri sérhæfðri fjármálaskilaboðapjónustu sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót og bæta við banni við viðskiptum milli rekstraraðila í Sambandinu og rekstraraðila, sem eru sérstaklega skráðir, með notkun þess kerfis utan Rússlands. Ráðstafanir þessar varða ekki rekstraraðila með staðfestu og starfsemi í Rússlandi, þ.m.t. dótturfélög rekstraraðila í Sambandinu. Ekki ætti að banna rekstraraðilum í Sambandinu að eiga viðskipti við rússneskar rekstrareiningar sem nota sendingakerfi fjármálaskilaboða (SPFS), að því tilskildu að þessir rekstraraðilar í Sambandinu tengist ekki þessu SPFS-kerfi sjálfir. Til að komast hjá ófyrirséðum afleiðingum varðandi fjármögnun og greiðslu fyrir lögmæt viðskipti og viðskipti í öðrum réttlætanlegum tilgangi ætti þar að auki að setja fram markvissar undanþágur sem gera rekstraraðilum í Sambandinu kleift að tengjast sendingakerfi fjármálaskilaboða (SPFS).
- 17) Tiltekna lána- og fjármálastofnanir með staðfestu utan Sambandsins gætu verið að greiða fyrir viðskiptum sem raska ráðstöfunum sem komið var á með ákvörðun 2014/512/SSUÖ og reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Því þykir rétt að koma á banni á viðskipti milli rekstraraðila í Sambandinu og lána- og fjármálastofnana sem og þjónustuveitenda sýndareigna, sem hafa staðfestu utan Sambandsins, þegar ráðið hefur ákvarðað að þessar rekstrareiningar greiði fyrir viðskiptum sem styðja við varnar-iðnaðargrundvöll Rússlands með útflutningi, afhendingu, sölu, tilflutning eða flutningi til Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, viðkvæmum vörum og tækni, almennum vörum með mikinn forgang eða skotvopnum og skotfærum.
- 18) Rétt þykir að víkka gildandi bann við veitingu stuðnings, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð eða hvers konar annan ávinning af áætlun Sambandsins, Kjarnorkubandalags Evrópu eða aðildarríkis, enn frekar út þannig að það nái til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Rússlandi eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana í meirihlutaeigu þeirra. Einnig ætti að innleiða markvissar undanþágur.
- 19) Til að takmarka ekki með óréttmætum hætti atvinnurétt ríkisborgara Sambandsins, sem voru búsettir í Rússlandi fyrir innrásina í Úkraínu í febrúar 2022 og starfa hjá dótturfélögum Sambandsins og rekstrareiningum samstarfslanda í Rússlandi, ætti að innleiða undanþágu frá banninu við því að veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi tiltekna þjónustu.
- 20) Rússnesk stjórnvöld og rússneskir dómstólar hafa gripið til aðgerða til að svipta handhafa hugverkaréttinda aðildarríkja vernd sinni í Rússlandi með ólögmætum hætti. Þetta hefur leitt til óréttmæts samkeppnisforskots fyrir rússneskan iðnað og stuðlað að auknum tekjum Rússlands, sem gerir því enn frekar kleift að heyja stríð í Úkraínu. Til að vega upp á móti þessu þykir rétt að leggja takmarkanir á viðtöku umsókna frá rússneskum ríkisborgurum, einstaklingum sem búsettir eru í Rússlandi og rússneskum fyrirtækjum um skráningu tiltekinna hugverkaréttinda í Sambandinu. Einkum skulu hugverkastofur og aðrar þar til bærar stofnanir ekki leyfa innlagningu slíkra umsókna, sbr. þó málsmeðferðarreglur þeirra. Í samræmi við þá

skyldu ætti enn fremur ekki að krefjast þess að hugverkastofur og aðrar þar til bærar stofnanir gefi út formlega ákvörðun um synjun, ef slíkar umsóknir eru lagðar inn, og gera þannig hugsanlega endurskráningu mögulega þegar gildandi takmörkun hefur verið felld úr gildi. Til að hrinda þessari takmörkun í framkvæmd ætti að gera hugverkastofum og öðrum þar til bærum stofnunum kleift að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum frá einstaklingum og fyrirtækjum sem sækja um skráningu á viðkomandi hugverkaréttindum.

- 21) Rétt þykir að leggja bann við því að stjórnmálaflokkar, stofnanir, bandalög, frjáls félagasamtök, þ.m.t. hugveitur, og fjölmiðlaveitur í Sambandinu, samþykki fjármögnun, framlög eða annan efnahagslegan ávinning eða stuðning frá Rússlandi, beint eða óbeint. Í ljósi áframhaldandi samstilltrar viðleitni Rússlands til að hafa áhrif á lýðræðisleg ferli í Sambandinu og grafa undan lýðræðislegum undirstöðum þess, m.a. með herferðum til áhrifa og með því að ýta undir rangar upplýsingar sem miða að því að grafa undan landamærabelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu og með því að ýta undir áróður Rússa, sem miðar að því að réttlæta og styðja árasarstríð Rússlands gegn Úkraínu, þykir rétt að fjármögnun frá Rússlandi og stuðningsmönnum þess við gerendur í Sambandinu, sem koma að því að móta almenningssálitid í Sambandinu, verði bönnuð. Þessir áróðursherferðir og herferðir til að dreifa röngum upplýsingum geta grafið undan grunnstöðum lýðræðissamfélaga og eru óaðskiljanlegur hluti af vopnabúri fjölþáttaárása nútímans. Markmið takmörkunar á þessum fjárstuðningi er að vernda heilleika pólitískra ferla í Sambandinu, vernda borgara Sambandsins gegn misnotkun og verja innri málefni Sambandsins gegn illviljuðum afskiptum með því að tryggja vernd meginreglna réttarríkisins, lýðræðis og fjölhyggju fjölmiðla. Aðildarríkin geta staðið gegn slíkri truflun á lýðræðislegum ferlum og að grafið verði undan lýðræðislegum grunnstöðum, eftir því sem við á, innan marka núverandi landsbundinna ramma um reglufylgni. Í samræmi við grundvallarréttindi og frelsi sem viðurkennd eru í sáttmálanum um grundvallarréttindi, einkum réttinn til tjáningar- og upplýsingafrelsis, frelisis til atvinnurekstrar og eignaréttinn, eins og hann er viðurkenndur í 11., 16. og 17. gr., eftir því sem við á, kemur þessi ráðstöfun ekki í veg fyrir að fjölmiðlaveitur og starfsfólk þeirra stundi aðra starfsemi í Sambandinu, eins og rannsóknir og viðtöl. Enn fremur breytir þessi takmörkun ekki þeirri skyldu að virða þau réttindi, frelsi og meginreglur sem um getur í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, þ.m.t. í sáttmálanum um grundvallarréttindi og stjórnskrám aðildarríkjanna, á viðkomandi gildissviðum þeirra.
- 22) Til að vekja athygli á framfylgd aðgerða þykir rétt að aðildarríki geri grein fyrir viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum.
- 23) Rétt þykir að innleiða undanþágu sem heimilar uppfyllingu tiltekinna krafna sem rússneskir aðilar, rekstrareiningar og stofnanir hafa lagt fram ef það er algerlega nauðsynlegt til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi.
- 24) Til að berjast gegn endurútflutningi á almennum vörum með mikinn forgang, sem fundist hafa á vígvellinum í Úkraínu eða eru nauðsynlegar fyrir þróun, framleiðslu eða notkun rússneskra hergagna, þykir rétt að krefjast þess að rekstraraðilar í Sambandinu, sem selja, afhenda, tilfæra eða flytja út almennar vörur með mikinn forgang til þriðju landa, annarra en samstarfslandanna sem skráð eru í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, framkvæmi áreiðanleikakönnun sem getur greint og metið áhættu við útflutning til Rússlands og dregið úr slíkri áhættu. Enn fremur þykir rétt að krefjast þess að rekstraraðilar í Sambandinu sjái til þess að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða hafa yfirráð yfir, komi þessum kröfum einnig til framkvæmda.
- 25) Ákvörðun 2014/512/SSUÖ krefst þess að rekstraraðilar í Sambandinu banni með samningi endurútflutning til Rússlands og endurútflutning til nota þar í landi á viðkvæmum vörum og tækni, almennum vörum með mikinn forgang eða skotvopnum og skotfærum („ákvæðið um útilokun Rússlands“ (e. „no-Russia clause“)). Ef um er að ræða samninga sem falla undir gildissvið 5. gr. b í ákvörðun 2014/512/SSUÖ, sem voru gerðir fyrir 19. desember 2023, ætti að líta svo á að skuldbindingin samkvæmt þeirri grein hafi verið uppfyllt ef samningurinn inniheldur almennt ákvæði sem bannar útflutning og endurútflutning á viðkomandi vörum og tækni til lögsagnarumdæma sem þvingunaraðgerðir Sambandsins beinast gegn og setur fram fullnægjandi úrræði ef um er að ræða brot á því ákvæði.
- 26) Framkvæmdastjórnin mun meta þau áhrif sem gildistaka gildandi skuldbindingar skv. 5. gr. b í ákvörðun 2014/512/SSUÖ um að nota „ákvæðið um útilokun Rússlands“ (e. „no-Russia clause“) hefur á það að koma í veg fyrir sniðgöngu. Hún mun einnig leggja mjög nákvæmt mat á gögn um viðskipti, hagskýrslur um útflutning og aðrar upplýsingar er varða sniðgöngumynstur fyrir þær vörur sem um getur í þeirri grein, þ.m.t. hvaða hlutverki dótturfyrirtæki rekstraraðila í Sambandinu í þriðju löndum geta gegnt í slíkum mynstrum. Á grundvelli þess mun framkvæmdastjórnin meta hvort „ákvæðið um útilokun Rússlands“ (e. „no-Russia clause“) sé viðeigandi miðað við tilganginn og íhuga hvers konar aðrar viðeigandi aðgerðir til að skerða aðgang Rússlands að viðkvæmum vörum sem gera því kleift að halda áfram stríði sínu í Úkraínu, þ.m.t. möguleikann á að krefjast þess að rekstraraðilar í Sambandinu tryggi að dótturfélög þeirra í þriðju löndum noti einnig „ákvæðið um útilokun Rússlands.“

- 27) Rétt þykir að krefjast þess að rekstraraðilar í Sambandinu banni með samningi mótaðilum sínum í viðskiptum í þriðju löndum að nota eða að heimila notkun á hugverkaréttindum, viðskiptaleyndarmálum eða efni eða upplýsingum sem njóta verndar samkvæmt hugverkarétti eða sem viðskiptaleyndarmál sem þeir hafa fengið framseld þeim í tengslum við almennar vörur með mikinn forgang sem til stendur að selja, afhenda eða flytja út til Rússlands eða til notkunar í Rússlandi. Til að tryggja að þessi skuldbinding verði virt ættu rekstraraðilar í Sambandinu að skylda þá til að samþykkja viðeigandi úrræði í slíkum samningum. Rekstraraðilar í Sambandinu ættu að tilkynna öll brot sem upp koma til lögbærra innlendra stjórnvalda. Ef um er að ræða samninga sem falla undir gildissvið þessarar takmörkunar, sem voru gerðir fyrir 25. júní 2024, ætti að telja þá skuldbindingu uppfyllta ef samningurinn inniheldur almennt ákvæði sem bannar notkun eða að heimila notkun á viðkomandi hugverkaréttindum, viðskiptaleyndarmálum eða efni eða upplýsingum sem njóta hugverkaverndar eða eru verndaðar sem viðskiptaleyndarmál, og setur fram viðeigandi úrræði ef um er að ræða brot á því ákvæði.
- 28) Til að tryggja samræmi við túlkun Dómstóls Evrópusambandsins í máli C-72/11 þykir rétt að breyta ákvæðinu sem bannar sniðgöngu til að skýra að kröfurnar um þekkingu og ásetning eru ekki aðeins uppfylltar þegar einstaklingur leitast vísvitandi við að sniðganga þvingunaraðgerðir eða valda því að þær séu sniðgengnar heldur einnig þegar einstaklingi sem tekur þátt í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þvingunaraðgerðir eru sniðgengnar er ljóst að slík þátttaka getur haft það markmið eða þau áhrif og sættir sig við þann möguleika.
- 29) Rétt þykir að bæta 61 nýrri rekstrareiningu við skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Þar að auki er viðeigandi að færa á þá skrá tilteknar rekstrareiningar í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem taka þátt í að sniðganga viðskiptahindranir og taka þátt í innkaupum á viðkvæmum hlutum sem notaðir eru t.d. til framleiðslu á ómönnum loftföllum, eða sem veita efnislegan stuðning við hernaðaraðgerðir Rússlands.
- 30) Rétt þykir að auka við skrána yfir hluti sem stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála þess með því að bæta við hlutum sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hlutum sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa þess, þ.m.t. tiltekinna vélaverkfæra og tiltekinna torfæruökutækja.
- 31) Rétt þykir að leggja frekari útflutningshöft á vörur sem gætu einkum stuðlað að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar, s.s. iðefni, þ.m.t. mangangrýti og sambönd sjaldgæfra jarðefna, plasts, véla til graftar, vöktunartækja og rafbúnaðar. Enn fremur ætti að bæta fimm almennum vörum með mikinn forgang við takmarkanir á útflutningi vara.
- 32) Auk þess þykir rétt að innleiða frekari innflutningshöft á helium sem aflar umtalsverðra tekna fyrir Rússland og gera því þannig kleift að halda áfram árásarstríðinu gegn Úkraínu.
- 33) Í verðþakskerfinu er kveðið á um að undanskilja megi verðþakinu, sem Verðþaksbandalagið hefur samþykkt, sérstök verkefni sem eru nauðsynleg fyrir orkuöryggi tiltekinna þriðju landa. Í nánú samstarfi við Verðþaksbandalagið ætti að framlengja undanþáguna sem kveðið er á um í tengslum við Sakhalin-2 (Сахалин-2) verkefnið, sem er staðsett í Rússlandi, til 28. júní 2025 til að tryggja orkuöryggisþörf Japans.
- 34) Í samræmi við markmið sameiginlegrar stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum um að varðveita frið, styrkja alþjóðaöryggi og stuðla að alþjóðlegri samvinnu, lýðræði og réttarríkinu, og nánar tiltekið markmið ákvörðunar 2014/512/SSUÖ, þykir rétt að tryggja að skjölin í vörslu ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsta fulltrúans“) er varða framfylgd þvingunaraðgerða, sem settar eru fram í ákvörðun 2014/512/SSUÖ eða í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða sem varða það að koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, falli undir þagnarskyldu og að þau njóti þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita, þar sem hægt væri að nota upplýsingar í þessum skjölum til að hindra framfylgd þessara aðgerða eða stofna árangri þeirra í hættu, þar eð viðkomandi aðilar og rekstrareiningar gætu reynt að koma í veg fyrir framfylgd þeirra. Einnig ætti að tryggja sömu vernd fyrir tillögur æðsta fulltrúans að breytingum á ákvörðun 2014/512/SSUÖ og öll tengd undirbúningsskjöl, þar sem birting þeirra gæti haft áhrif á skilvirkni aðgerðanna sem settar eru fram í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og undirbúning síðari tillagna og viðræður á grundvelli þeirra. Tilteknar ráðstafanir sem koma fram í slíkum tillögum og sem ráðið getur ekki samþykkt af ýmsum ástæðum, eru oft settar fram í síðari tillögum af æðsta fulltrúanum. Mikilvægt er að vernda þetta frumkvæðisvald gegn því að opinberir eða einkahagsmunaaðilar beiti áhrifum sínum til að reyna að þrýsta á stofnanir og þjónustustofnanir Sambandsins, utan skipulagðs samráðs, til að leggja fram tillögu að

breytingu, samþykkja, breyta eða koma sér saman um breytingu. Birting þeirra gæti leitt til þess að hugsanlegar nýjar aðgerðir verði óskilvirkar vegna þess að fyrirhuguð samþykkt þeirra hefði þegar verið opinberuð. Því má gera ráð fyrir því að birting slíkra skjala myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.

- 35) Rétt þykir að auka við skrána yfir samstarfslönd sem beita röð ráðstafana varðandi útflutningseftirlit eða röð þvingunaraðgerða varðandi innflutning á járn og stáli og röð ráðstafana vegna eftirlits með innflutningi sem eru í meginatriðum jafngildar ráðstöfunum sem eru settar fram í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og í reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 36) Sambandið hefur einsett sér að forðast ógnir við kjarnorkuöryggi. Því er með ráðstöfunum í þessari ákvörðun ekki reynt að grafa undan áætlanagerð, byggingaframkvæmdum og mannvirkjagerð, gangsetningu, viðhaldi eða eldsneytisafhendingu fyrir nýbyggða kjarnorkuverkefnið Paks II. Af þessum sökum þykir rétt að innleiða lárétta undanþágu frá bönnum í þessari ákvörðun fyrir Paks II-verkefnið ásamt tilkynningarskyldu fyrir slíka starfsemi.
- 37) Að lokum er nauðsynlegt að gera tilteknar tæknilegar breytingar, þ.m.t. með því að fella brott tilvísanir í umbreytingartímabil sem eru útrunnin. Ekki er ætlunin að það að fella brott tilvísanir til umbreytingartímabila sem þegar eru útrunnin hafi nein réttaráhrif á fyrri eða yfirstandandi samninga eða á gildi þessara umbreytingartímabila.
- 38) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 39) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi greinar bætast við:

„1. gr. ac

1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 7. gr. þessarar ákvörðunar og sem hefur lagt fram kröfu fyrir rússneskum dómstóli gegn einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014, í því skyni að fá lögbann, úrskurð, dóm eða annan dómsúrskurð skv. 248. gr. reglna Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa, beint eða óbeint, að hluta til eða að öllu leyti, orðið fyrir áhrifum af þeim ráðstöfunum sem eru gerðar samkvæmt þessari ákvörðun eða ákvörðun 2014/145/SSUÖ eða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014 eins og fram kemur í XVII. viðauka.

2. Nema það sé bannað með öðrum hætti gildir bannið í 1. mgr. ekki um viðskipti sem eru:

- a) nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að kaupa, flytja inn og flytja samkvæmt þessari ákvörðun eða reglugerð (ESB) nr. 833/2014,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar eða ákvörðunar 2014/145/SSUÖ eða reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerðar (ESB) nr. 269/2014,
- c) með fyrirvara um b-lið þessarar málsgreinar, algjörlega nauðsynleg til að fá bætur vegna skaða sem aðili sem um getur í c- eða d-lið 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 verður fyrir, í tengslum við annaðhvort samning eða viðskipti sem verða fyrir áhrifum af ráðstöfunum, sem gerðar eru í samkvæmt þessari ákvörðun, og í tengslum við þá ólögætu, tímabundnu stjórnun sem komið var á af Rússlandi sem beinist gegn fasteignum erlendra aðila sem staðsettar eru á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014.

1. gr. ad

1. Lagt er bann við því, frá og með 25. júní 2024, að lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Sambandinu og sem starfa utan Rússlands tengist beint sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilegri sérhæfðri fjármálaskilaboðþjónustu sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót.

2. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Rússlands sem er á skrá í XVIII. viðauka.

Í XVIII. viðauka skal tilgreina lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands, sem nota sendingakerfi Seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilega, sérhæfða fjármálaskilaboðþjónustu sem Seðlabanki Rússlands eða rússneska ríkið koma á fót, og sem með slíkri notkun auka i. fjárhagslegan viðnámsþrótt Rússlands og ii. styðja sniðgöngu banna í þessari ákvörðun og ákvörðun 2014/145/SSUÖ og í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og reglugerð (ESB) nr. 269/2014.

3. Böninn í 1. og 2. mgr. gilda ekki fyrr en 26. september 2024 um efndir samninga sem gerðir voru við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem er á skrá í XVIII. viðauka fyrir 24. mars 2024, eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

4. Böninn í 1. og 2. mgr. gilda ekki um viðtöku greiðslna sem lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem er á skrá í XVIII. viðauka, ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem eru gerðir fyrir 24. mars 2024.

5. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:

- a) algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á jarðgasi, titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngrýti frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið, land sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða vesturhluta Balkanskaga,
- b) algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á olíu, þ.m.t. hreinsuðum olíuvörum, frá eða í gegnum Rússland, nema það sé bannað skv. 4. gr. o eða 4. gr. p,
- c) nauðsynleg vegna kaupa ásamt innflutningi og flutningi inn í Sambandið á lyfjum, lækningavörum eða landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að kaupa og flytja inn í Sambandið samkvæmt þessari ákvörðun,
- d) nauðsynleg til að endurgreiða skuld við ríkisborgara aðildarríkis, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu,
- e) nauðsynleg vegna greiðslu lífeyriskerfis til aðila með staðfestu í Sambandinu eða
- f) nauðsynleg vegna greiðslu frá eða til umboðsráði gyðinga (e. Jewish Claims Conference).

6. Bannið í 2. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:

- a) nauðsynleg vegna kaupa, útflutnings, afhendingar, sölu, tilfærslu eða flutnings á lyfjum, lækningavörum eða landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að kaupa, flytja út, afhenda, selja, tilfæra eða flytja samkvæmt þessari ákvörðun og eru nauðsynleg til að tryggja fæðuöryggi í þriðju löndum,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar og ákvörðunar 2014/145/SSUÖ og reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 og reglugerðar (ESB) nr. 269/2014,
- c) nauðsynleg í mannúðarskygni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur,
- d) nauðsynleg til að endurgreiða skuld við ríkisborgara aðildarríkis, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu,
- e) háð þátttöku lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í XVIII. viðauka við þessa ákvörðun, við veitingu millibankaþjónustu eða
- f) nauðsynleg vegna greiðslu af hálfu ríkisborgara aðildarríkis, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Sambandinu samkvæmt lánsamningi sem aðildarríki hefur gert.

I. gr. ae

1. Lagt er bann við því að eiga viðskipti, á beinan eða óbeinan hátt, við:

- a) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem er lána- eða fjármála-stofnun eða rekstrareining sem veitir þjónustu með sýndareignir (e. crypto assets services) og tekur þátt í viðskiptum sem auðvelda, beint eða óbeint, útflutning, sölu, afhendingu, tilflutning eða flutning til Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, vörum eða tækni, sem skráðar eru í VII., XI., XX. og XXXV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, almennum vörum með mikinn forgang sem skráðar eru í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og skotvopnum og skotfærum sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 258/2012, eins og skráð er í XIX. viðauka við þessa ákvörðun eða

- b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrar-einingar sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar.
2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:
- a) nauðsynleg vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja út, selja, afhenda, flytja inn og flytja til Rússlands samkvæmt þessari ákvörðun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnýsly- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar, ákvörðunar 2014/145/SSUÖ, reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 og reglugerðar (ESB) nr. 269/2014, eða
- c) nauðsynleg í mannúðarskygni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur.“
- 2) Í stað a-liðar 2. mgr. 1. gr. h kemur eftirfarandi:
- „a) rekstur kjarnorkugetu til borgaralegra nota, viðhald hennar, óvirkjun og meðhöndlun geislavirks úrgangs hennar, eldsneytisafhendingu og -endurmeðhöndlun og öryggi hennar, og áframhaldandi hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, sem og afhendingu forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, mikilvæga tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og samstarf um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,“.
- 3) Ákvæðum 1. gr. i er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Lagt er bann við því að veita beinan eða óbeinan stuðning, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð eða hvers konar annan ávinning samkvæmt áætlun Sambandsins, Kjarnorkubandalags Evrópu eða landsáætlun aðildarríkis og samningum í skilningi reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046⁽⁵⁾ til:
- a) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Rússlandi,
- b) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem rekstrareining, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti.
- b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:
- „d) rekstur kjarnorkugetu til borgaralegra nota, viðhald hennar, óvirkjun og meðhöndlun geislavirks úrgangs hennar, eldsneytisafhendingu og -endurmeðhöndlun og öryggi hennar, og áframhaldandi hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, sem og afhendingu forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, mikilvæga tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og samstarf um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,“.
- ii. Eftirfarandi liðir bætast við:
- „h) starfsemi verslunarráða, viðskiptasambanda, menningar- og menntamiðstöðva, trúarlegra stofnana og áætlana um stúdentaskipti í aðildarríkjunum í Rússlandi,
- i) starfsemi í borgaralegu samfélagi sem eflir með beinum hætti lýðræði, mannréttindi, réttarreglur eða annan tilgang, s.s. óháða blaðamennsku eða baráttu gegn röngum upplýsingum, sem samrýmist markmiðum þessarar ákvörðunar í Rússlandi,
- j) áætlanir aðildarríkjanna um sögulega ábyrgð og stuðning við þjóðernisminnihlutahópa aðildarríkjanna í Rússlandi.“
- 4) Ákvæðum 1. gr. k er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:
- „7. Ákvæði 1. og 2. mgr., 2. mgr. a og 2. mgr. b gilda ekki fyrr en 30. september 2024 um sölu, afhendingu, tilfærslu, útflutning eða veitingu þjónustu sem er eingöngu ætluð til einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Rússlandi sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða samstarfslands eins og skráð er í VII. viðauka.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„8a Ákvæði 1. og 2. mgr. og 2. mgr. a gilda ekki um veitingu ríkisborgara aðildarríkis, sem eru búsettir í Rússlandi og voru það fyrir 24. febrúar 2022, á þjónustu við lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í h-lið 10. mgr. og eru vinnuveitendur þeirra, að því tilskildu að slík þjónusta sé eingöngu ætluð til nota fyrir þessa lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir.“

c) Í stað f-liðar 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„f) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar, eða“

5) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„I. gr. o

1. Hugverkastofur og aðrar þar til bærar stofnanir, sem komið er á fót samkvæmt lögum aðildarríkis eða Sambandsins, skulu ekki samþykka:

- nýjar umsóknir um skráningu vörumerkja, einkaleyfa, iðnhönnunar, nytjamynstra, verndaðra upprunatáknana og verndaðra landfræðilegra merkinga sem rússneskir ríkisborgarar eða einstaklingar með búsetu í Rússlandi eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Rússlandi leggja inn, þ.m.t. ef umsóknin er lögð fram sameiginlega af rússneskum ríkisborgara eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi og einum eða fleiri einstaklingum eða lögaðilum sem eru ekki rússneskir og eru búsettir eða með staðfestu utan Rússlands,
- beiðnir eða gögn sem rússneskir ríkisborgarar eða einstaklingar sem eru búsettir í Rússlandi, eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Rússlandi, leggja fram meðan á skráningarferli stendur hjá slíkum hugverkastofum sem tengjast einhverjum þeim hugverkaréttindum sem um getur í a-lið.

2. Aðildarríki skulu sem samningsríki samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa frá 5. október 1973, eins og hann var endurskoðaður 17. desember 1991 og 29. nóvember 2000 („evrópski einkaleyfasamningurinn“ (EPC)), og þegar þau uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar sem þau hafa gengist undir með evrópska einkaleyfasamningnum, leggja sig fram um að tryggja að Einkaleyfastofnun Evrópu hafni beiðnum um samræmd réttaráhrif í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2012⁽⁶⁾ sem rússneskir ríkisborgarar eða einstaklingar sem eru búsettir í Rússlandi eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Rússlandi leggja fram, þ.m.t. ef beiðnin er lögð fram sameiginlega af rússneskum ríkisborgara eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi og einum eða fleiri einstaklingum eða lögaðilum sem eru ekki rússneskir og eru búsettir eða með staðfestu utan Rússlands.

3. Aðildarríki skulu sem samningsríki evrópska einkaleyfasamningsins og þegar þau uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar samkvæmt honum leggja sig fram um að tryggja að Einkaleyfastofnun Evrópu samþykki ekki nýjar umsóknir um skráningu evrópskra einkaleyfisumsókna sem rússneskir ríkisborgarar eða einstaklingar sem eru búsettir í Rússlandi, eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Rússlandi leggja fram, þ.m.t. ef umsókn er lögð fram sameiginlega af rússneskum ríkisborgara eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi og einum eða fleiri einstaklingum eða lögaðilum sem eru ekki rússneskir og eru búsettir eða með staðfestu utan Rússlands.

4. Aðildarríki og, eftir atvikum, Sambandið skulu, í athöfnum sínum samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar frá 14. júlí 1967 og með áorðnum breytingum frá 28. september 1979, leggja sig fram um að tryggja að Alþjóðahugverkastofnunin eða hugverkastofur, sem stofnaðar eru samkvæmt lögum aðildarríkis eða Sambandsins, eða Einkaleyfastofnun Evrópu, samþykki ekki nýjar umsóknir um slík réttindi frá rússneskum ríkisborgurum eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi, þ.m.t. ef umsókn er lögð fram sameiginlega af rússneskum ríkisborgara eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi og einum eða fleiri einstaklingum eða lögaðilum sem eru ekki rússneskir og eru búsettir eða með staðfestu utan Rússlands.

5. Ákvæði 1.-4. mgr. gilda ekki um ríkisborgara aðildarríkis, ríkisborgara lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða ríkisborgara Sviss eða um einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, í landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Sviss.

1. gr. p

1. Lagt er bann við því að þiggja framlög, fjárhagslegan ávinning eða stuðning, þ.m.t. fjármagn og fjárhagsaðstoð, beint eða óbeint frá:
 - a) ríkisstjórn Rússlands
 - b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi, sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
 - c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem rekstrareining, sem um getur í a- eða b-lið, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti, eða
 - d) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-mælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b- eða c-lið.
 2. Ákvæði 1. mgr. gilda aðeins um:
 - a) evrópska stjórnálflokka og evrópskar stjórnálflokkastofnanir, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1141/2014⁽⁷⁾,
 - b) stjórnálflokka og stjórnálflokkabandalög, eins og þau eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 1141/2014, með fyrirvara um grundvallarreglur af stjórnskipulegum toga, eins og þeim er beitt í aðildarríkjunum, sem gilda um starfsemi slíkra stjórnálflokka og -bandalaga,
 - c) frjáls félagsamtök sem hafa staðfestu eða eru skráð í samræmi við lög aðildarríkis og
 - d) veitendur fjölmiðlaþjónustu, eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1083⁽⁸⁾, með staðfestu í aðildarríki, með fyrirvara um grundvallarreglur af stjórnskipulegum toga, eins og þeim er beitt í aðildarríkjunum, í tengslum við prentfrelsi og tjáningarfrelsi.
 3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að rekstraraðilar, sem um getur í c- og d-lið 2. mgr., veiti framlög, efnahagslegan ávinning eða stuðning, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð, að því tilskildu að slík viðurkenning myndi á engan hátt hafa áhrif á lýðræðisleg ferli í Sambandinu eða grafa undan lýðræðislegum undirstöðum þeirra, m.a. með herferðum til áhrifa og með því að ýta undir rangar upplýsingar sem miða að því að grafa undan landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu og með áróðursaðgerðum til stuðnings hernaðarárásum Rússlands gegn Úkraínu.
 4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.
- 6) Í stað c-liðar 4. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„c) ætlaðar til reksturs, viðhalds, eldsneytisendurmeðhöndlunar og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,“.
 - 7) Í stað c-liðar 4. mgr. 3. gr. a kemur eftirfarandi:

„c) ætlaðar til reksturs, viðhalds, eldsneytisendurmeðhöndlunar og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,“.
 - 8) Í stað a-liðar 1. mgr. 4 gr. a kemur eftirfarandi:

„a) að eignast hlut eða auka hlutdeild sína í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt rússneskum lögum eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Rússlandi, þ.m.t. í verkefnum á byggingarstigi vegna framleiðslu á fljótandi jarðgasi,“.
 - 9) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 4. gr. d:

„6f. Þrátt fyrir 1., 2. og 4. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning og tilflutning vara, sem falla undir SN-númer 9026 00 00, eins og skráð er í B-hluta XI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem eru staðsettar í Sambandinu, frá og með 25. júní 2024, vegna viðhalds eða viðgerða eða veitingar tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, váttrygginga eða endurtrygginga eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé algerlega nauðsynlegt vegna starfsemi Sakhalin-2 (Сахалин-2) verkefnisins til að tryggja orkuöryggi Japans.“
 - 10) Ákvæðum 4. gr. e er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu, í samræmi við innlendar reglur sínar og lög og í samræmi við reglur þjóðaréttar, einkum viðeigandi samninga um alþjóðlegt almenningflug, synja loftförum sem flugrekendur í Rússlandi starfrækja, þ.m.t. markaðsaðilar á sviði loftflutninga innan ramma fyrirkomulags um sameiginlegt flugnúmer eða föst sæta kaup, eða loftförum sem skráð eru í Rússlandi eða loftförum sem ekki eru skráð í Rússlandi, sem eru í eigu eða leigu eða á annan hátt undir yfirlýðingum rússneskra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, um að lenda á, hefja sig til flugs frá eða fljúga yfir yfirlýðingum Sambandsins. Bannið í þessari málsgrein gildir einnig um öll önnur loftför sem notuð eru í óreglubundnu flugi og þar sem rússneskur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun er í aðstöðu til að ákvarða með skilvirkum hætti hvar eða hvenær flugtak eða landing fer fram. Bannið í þessari málsgrein gildir ekki um loftför sem rúma að hámarki fjóra einstaklinga í sætum og með hámarksflugtaksmassa sem er ekki meiri en 2000 kg þegar þau eru notuð fyrir einkaflug, sem er ekki í atvinnuskyni, innan yfirlýðingum Sambandsins í tómskundaskyni eða til þjálfunar með tilliti til einkaflugmannsréttinda og skyldra réttinda hjá þjálfunaraðilum í Sambandinu.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a Með fyrirvara um 5. mgr. skulu flugrekendur veita, hvað varðar óreglubundið flug, þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þeim tilgangi að sannprófa að farið sé að 1. mgr., m.a.:

- a) trúverðugar og fullnægjandi upplýsingar um raunverulegan endanlegan eiganda loftfarsins og, þar sem við á, um einstaklinginn, lögaðilann, rekstrareininguna eða stofnunina sem leigir loftfarið endanlega og
- b) almenna yfirlýsingu, farþegaskrá og önnur opinber skjöl sem sýna fullt nafn, fæðingardag og -ár, fæðingarstað og þjóðerni allra farþega og flugverja ef gild ástæða er til að ætla að bannið í 1. mgr. hafi verið sniðgengið, á grundvelli þátta á borð við flugleiðir og upphafsstað flugs, eða upplýsingar um viðkomandi flugrekanda.

Upplýsingarnar skulu veittar að beiðni lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki sem er brottfarar-, ákvörðunar- eða landingarstaður.

Upplýsingarnar skulu veittar fyrir landingu, flugtak eða yfirflug yfir yfirlýðingum Sambandsins, innan frests sem lögbær stjórnvöld hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja setja.“

11) Ákvæðum 4. gr. ha er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að veita aðgang að höfnum eftir 16. apríl 2022 og að skipastigum eftir 29. júlí 2022 á yfirlýðingum Sambandsins hverju því skipi sem skráð eru undir fána Rússlands, og slíkum skipum aðgang að höfnum og skipastigum, að undanskildum aðgangi að skipastigum í þeim tilgangi að yfirgefa yfirlýðingum Sambandsins.“

b) Í stað a-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) skip sem fellur undir gildissvið viðeigandi alþjóðasamninga, þ.m.t. eftirlíkingar af sögulegum skipum,“.

c) Í stað d-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„d) vegna flutnings á kjarnorkueldsneyti og öðrum vörum sem eru algerlega nauðsynlegar fyrir starfsemi kjarnorkugetu til borgaralegra nota.“

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5c. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað skipum, sem hafa skipt út rússneskum fána til að sigla undir fána annars ríkis fyrir 16. apríl 2022, aðgang að höfn eða skipastiga, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að skipið:

- a) hafi verið aflagt samkvæmt lögum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022,
- b) hafi verið selt nauðungarsölu af lögbærum landsbundnum stjórnvöldum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022 og
- c) hafi verið staðsett á yfirlýðingum Sambandsins þegar nauðungarsalan fór fram.“

e) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 5. mgr. a, 5. mgr. b og 5. mgr. c innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

12) Í stað 7. mgr. 4. gr. i kemur eftirfarandi:

„7. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara, sem eru á skrá í XVII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, með þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.“

13) Ákvæðum 4. gr. k er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. c kemur eftirfarandi:

„3c. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara, sem eru á skrá í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, með þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.“

b) Ákvæði 3. mgr. ca falla brott.

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3ce. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, innflutning eða tilflutning vara sem voru staðsettar í Rússlandi, áður en viðeigandi bann tók gildi að því er varðar þessar vörur, sem falla undir SN-númer 8471, 8523, 8536 og 9027, eins og skráð er í XXI. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað að þessar vörur séu íhlutir lækningatækja og séu fluttar inn í Sambandið vegna viðhalds, viðgerðar eða skila á gölluðum íhlutum.

3cf. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 28042910 og 284540 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 26. september 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

d) Í stað 5. mgr. a kemur eftirfarandi:

„5a Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. ab, 3. mgr. c og 3. mgr. e innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

14) Ákvæðum 4. gr. m er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. mgr. aa fellur brott.

b) Í stað c-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.“

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3ad. Að því er varðar vörur sem eru á skrá í XXIIIC. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 26. september 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

3ae. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2602 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 26. júlí 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

3af. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 8481 80 og 8708 99 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 26. desember 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4aa. Bönnin í 1. mgr., 1. mgr. a og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.“

e) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„4d. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem falla undir SN-númer 3917, 8421, 8471, 8523, 8536 og 8544, eins og skráð er í XXIII viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að þessar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar séu nauðsynleg fyrir viðhald eða viðgerð á lækningatækjum.“

4e. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning og tilflutning vara, sem falla undir SN-númer 8414 90 og 9026, eins og skráð er í XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem eru staðsettar í Sambandinu frá og með 25. júní 2024, vegna viðhalds eða viðgerða eða veitingu tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, váttrygginga eða endurtrygginga eða fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé algerlega nauðsynlegt vegna starfsemi Sakhalin-2 (Сахалин-2) verkefnisins til að tryggja orkuöryggi Japans.“

f) Í stað 4. mgr. a kemur eftirfarandi:

„4a Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á eftirfarandi vörum eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg til persónulegra heimilisnota einstaklinga í Rússlandi:

- a) vörum sem falla undir SN-númer 8417 20,
- b) krönum, hönum og lokum sem falla undir SN-númer 8481 80 og eru hannaðir fyrir pípulagnir, hitunar-, loftræsti- eða loftjöfnunarkerfi,
- c) rörum, pípum og píputengi úr kopar sem falla undir SN-númer 7411 eða 7412 og eru allt að 50 mm að innanmáli.“

g) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4aa. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 3917 10 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur séu seldar, afhentar, fluttar til eða fluttar út eingöngu í þágu matvælaframleiðslu til mannelis í Rússlandi.“

h) Í stað 5. mgr. a kemur eftirfarandi:

„5a Við afgreiðslu beiðna um heimildir, sem um getur í 4. mgr. a, 4. mgr. b, 4. mgr. c, 4. mgr. d, 5. mgr. og 5. mgr. aa, skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild til útflutnings til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi ef þau hafa réttmæta ástæðu til að ætla að vörurnar séu til hernaðarnota.“

15) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 4. gr. n:

„1b. Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu, sem er yfir 25% í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, að verða flutningafyrirtæki á vegum sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.“

1c. Frá og með 26. júlí 2024 er lagt bann við því að flutningafyrirtæki á vegum sem komið er á fót í Sambandinu eftir 8. apríl 2022, sem er yfir 25% í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, flytji vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.“

1d. Flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Sambandinu skulu, að fenginni beiðni frá lögbæru innlendu stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu, veita því stjórnvaldi upplýsingar um skipulag eignarhalds síns.“

2a. Ákvæði 1. mgr. b og 1. mgr. c gilda ekki um flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Sambandinu, sem eru yfir 25% í eigu ríkisborgara Rússlands sem einnig eru ríkisborgarar aðildarríkis eða sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki.“

16) Ákvæðum 4. gr. r er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 3. gr., 3. gr. a, 4. gr., 4. gr. c, 4. gr. d, 4. gr. g, 4. gr. j og 4. gr. m geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni, sem eru á skrá í II., VII., X., XI., XVI., XVIII., XX. og XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/821, sem og sölu, leyfisveitingu eða annars konar framsal á hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, sem og veitingu réttar til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur hér að framan til 31. desember 2024 ef slík sala, afhending, tilflutningur, leyfisveiting eða veiting réttar til aðgangs eða endurnotkunar er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“

b) Í stað 1. mgr. a kemur eftirfarandi:

„1a Þrátt fyrir 3. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni sem eru á skrá í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til 31. desember 2024 ef slík sala, afhending eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til að losa um fjárfestingar í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem er skráð eða stofnað samkvæmt lögum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022, sem rússneskur lögaðili, rekstrareining eða stofnun tekur þátt í og sem rekur grunnvirki fyrir gasleiðslur milli Rússlands og þriðju landa.“

c) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 4. gr. i og 4. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað innflutning eða tilflutning á vörum sem eru á skrá í XVII. og XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til 31. desember 2024, ef slíkur innflutningur eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til þess að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“

d) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. a kemur eftirfarandi:

„2a Þrátt fyrir 1. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað áframhaldandi veitingu þjónustu sem þar er talin upp til 31. desember 2024 ef slík veiting þjónustu er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“

17) Ákvæðum 4. gr. u er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Frá og með 1. september 2024 er lagt bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum sem eru unnar í þriðja landi og eru demantar sem eru upprunnir í Rússlandi eða fluttir út frá Rússlandi og vega a.m.k. 0,5 karöt eða 0,1 gramm hver demantur.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a Að því er varðar vörur, sem eru á skrá í C-hluta viðauka XXXVIII A við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem eru unnar í þriðja landi og innihalda demanta sem eru upprunnir í Rússlandi eða fluttir út frá Rússlandi og vega a.m.k. 0,5 karöt eða 0,1 gramm hver demantur gildir bannið í 4. mgr. frá og með þeim degi sem ráðið ákveður einróma á grundvelli 29. og 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.“

c) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Að því er varðar 3. og 4. mgr. þessarar greinar skulu vörur, sem falla undir SN-númer 7102 31 00 og 7102 10 00 og fluttar eru inn í Sambandið, tafarlaust lagðar fram til sannprófunar ásamt gögnum sem votta uppruna þeirra, hjá stjórnvaldinu sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B við reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Aðildarríkið þar sem þessar vörur voru fluttar inn á tollsvæði Sambandsins skal tryggja að þær séu lagðar fram hjá stjórnvaldinu sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B við reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Heimilt er að veita leyfi fyrir tollmeðferð við umflutning í þessu skyni. Ef veitt er leyfi fyrir tollmeðferð við umflutning skal fresta sannprófuninni, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, uns stjórnvaldið sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 hefur tekið við vörunum. Innflytjandinn skal vera ábyrgur fyrir réttum flutningi varanna og bera kostnað af honum. Framlagning til þess stjórnvalds er ekki nauðsynleg að því tilskildu að vörurnar hafi áður farið í gegnum sannprófunarferlið, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, og að því tilskildu að það sé sannað með gögnum, byggðum á rekjanleika, þ.m.t. samsvarandi vottorði sem vottar að demantar séu ekki unnir, meðhöndlaðir eða framleiddir í Rússlandi, eins og kveðið er á um í 10. mgr. þessarar greinar.“

d) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Að því er varðar 3. og 4. mgr. skulu innflytjendur leggja fram sönnun við innflutning um upprunaland demantanna eða varanna sem innihalda demanta sem eru notuð sem ílag við vinnslu framleiðsluvörunnar í þriðja landi.

Frá og með 1. mars 2025 skal sönnun byggð á rekjanleika fyrir vörur á skrá í A-hluta viðauka XXXVIII A við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 innihalda samsvarandi vottorð um að námugróftur, vinnsla eða framleiðsla demantanna hafi ekki farið fram í Rússlandi.“

e) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„11. Bönnum í 1., 3. og 4. mgr. gilda ekki um vörur, sem eru á skrá í A-, B- og C-hluta viðauka XXXVIII A við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, ef þessar vörur voru staðsettar í Sambandinu fyrir þann dag þegar viðkomandi bann tók gildi og síðan fluttar út til þriðja lands, annars en Rússlands.

Þegar innflutningur til Sambandsins á sér stað skulu innflytjendur leggja fram gögn um að vörurnar hafi verið staðsettar í Sambandinu eða vottorð, sem er byggt á framlagðri birgðayfirlýsingu, frá stjórnvaldinu sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, áður en þær voru fluttar út frá Sambandinu.

12. Bönnum í 1., 3. og 4. mgr. gilda ekki um vörur, sem eru á skrá í A-, B- og C-hluta viðauka XXXVIII A við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, ef þessar vörur voru á staðnum, fægðar eða framleiddar í þriðja landi, öðru en Rússlandi, fyrir þann dag þegar viðkomandi bann tók gildi.

Innflytjendur skulu, við innflutning inn í Sambandið, færa sönnun á að vörurnar hafi upphaflega verið fluttar inn til þriðja lands fyrir þann dag þegar viðkomandi bann fyrir vörur, sem falla undir SN-númer 7102 10 00, 7102 31 00 og 7104 21 00, kom til framkvæmda. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7102 39 00 og 7104 91 00, sem og vörur sem eru tilgreindar í C-hluta viðauka XXXVIII A við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, skulu innflytjendur leggja fram sönnun þess, þegar innflutningur á sér stað, að vörurnar hafi verið fullunnar eða framleiddar í þriðja landinu eða hafi raunverulega verið staðsettar til vinnslu eða framleiðslu í þriðja landinu áður en viðkomandi bann tók gildi.

13. Bönnum í 4. og 5. mgr. gilda ekki um vörur, sem eru á skrá í C-hluta viðauka XXXVIII A við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og framleiddar fyrir 1. september 2024, og tengda þjónustu ef þessar vörur voru fluttar inn í Sambandið tímabundið frá einhverju þriðja landi eða yfirráðasvæði, öðru en Rússlandi, eða fluttar inn eftir tímabundinn útflutning til annars þriðja lands eða yfirráðasvæðis, annars en Rússlands, að því tilskildu að þessar vörur hafi verið settar í tollferli vegna tímabundins innflutnings, innri aðvinnslu, ytri aðvinnslu eða tímabundins útflutnings við komu inn í Sambandið eða brottför frá því.“

18) Eftirfarandi greinar bætast við:

„4. gr. w

1. Lagt er bann við því að veita endurfermingarþjónustu á yfirráðasvæði Sambandsins vegna umfermingar á fljótandi jarðgasi sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi.

2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsástoð sem tengist banninu í 1. mgr.

3. Þrátt fyrir bönnin í 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað endurfermingarþjónustu vegna umfermingar á fljótandi jarðgasi, sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi, ef slík endurferming er nauðsynleg vegna flutnings þess til aðildarríkis og ef slíkt aðildarríki hefur staðfest að umfermingin sé notuð til að tryggja orkuafhendingu í því aðildarríki.

4. Til að tryggja að farið sé að ákvæðum um bann skv. 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld sett reglur og veitt leiðbeiningar á landsvísu. Slíkar reglur og leiðbeiningar skulu fela í sér hertar kröfur um áreiðanleikakannanir, einkum varðandi auðkenningu á endurfermingarþjónustu sem veitt er vegna umfermingar, að teknu tilliti til sérstakra þátta landsbundna reglurammans sem gildir um aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas, fyrri viðskiptahátta sendenda, tímans milli affermingar og endurfermingar, vísbendinga um beinar viðskiptatengingar milli affermingar og endurfermingar, þ.m.t. kaup á nýrri affermingar- og endurfermingarþjónustu í pakka, og skráningarlands viðkomandi rekstraraðila.

5. Lögbæru stjórnvöldin skulu, eigi síðar en 26. desember 2024, upplýsa framkvæmdastjórnina um þær reglur og leiðbeiningar sem komið var á samkvæmt þessari málsgrein eða að þau ætli sér ekki að setja slíkar reglur.

6. Bönnum í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda fyrr en 26. mars 2025 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024.

7. Lögaðilar sem annast affermingu fljótandi jarðgass sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi, skulu, eigi síðar en 26. júlí 2024 og mánaðarlega eftir það, tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem þeir eru staðsettir, um alla affermingu og innflutning til Sambandsins á fljótandi jarðgasi, sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi. Í tilkynningunni skulu vera upplýsingar um magn.

Hlutadeigandi aðildarríki skal veita framkvæmdastjórninni þær upplýsingar sem því berast.

8. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki ef um er að ræða skip sem þarfnast aðstoðar í leit að skipaafdrepi, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgun mannlífa á sjó eða til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.

9. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um endurferingarþjónustu sem er nauðsynleg vegna eldsneytistöku skipa sem nota fljótandi jarðgas.

10. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með flæði fljótandi jarðgass, markaði og verði, samkeppnishæfni Sambandsins og hlutdeild rússnesks innflutnings á fljótandi jarðgasi í heildarorkuinnflutningi Sambandsins. Hún skal gefa ráðinu skýrslu ef fram kemur mikilvæg þróun sem tengist bönnunum í 1. og 2. mgr. og eigi síðar en 26. júní 2025. Ráðið skal taka tillit til þessara skýrslna við endurskoðun á þvingunaraðgerðunum.

11. Ef um er að ræða mikilvæga þróun sem tengist bönnunum í 1. og 2. mgr. og hefur áhrif á flæði fljótandi jarðgass, markaði, verð, samkeppnishæfni Sambandsins eða hlutdeild rússnesks innflutnings í fljótandi jarðgasi í heildarorkuinnflutningi Sambandsins skal framkvæmdastjórnin leggja til við ráðið mildandi ráðstafanir, ásamt mati á áhrifum þeirra.

4. gr. x

1. Með tilliti til hvers konar skipa, sem eru skráð í XVI. viðauka, er lagt bann við því, beint eða óbeint:
 - a) að veita aðgang að höfnum, akkerislægjum og skipastigum á yfirráðasvæði Sambandsins og slíku skipi aðgang að þeim,
 - b) að flytja slíkt skip inn í Sambandið, kaupa það eða flytja til,
 - c) að selja, afhenda, þ.m.t. leigja, eða flytja út slíkt skip,
 - d) að reka slíkt skip eða manna það,
 - e) að láta í té fánaskráningu í þágu slíks skips,
 - f) að veita fjármagn og fjárhagsaðstoð, þ.m.t. tryggingar, auk miðlunarþjónustu, þ.m.t. skipamiðlun,
 - g) að veita tæknaaðstoð og aðra þjónustu, þ.m.t. eldsneytistöku, þjónustu við aðföng skipa, þjónustu við áhafnarskipti, þjónustu við fermingu og losun farms, þjónustu vegna friðholta og dráttarbáta í þágu slíks skips og
 - h) að taka þátt í umskipun milli skipa eða hvers konar annarri umskipun farms með slíku skipi eða kaupa þjónustu af því.
2. Ákvæði XVI. viðauka taka til skipa sem:
 - a) flytja vörur og tækni sem eru notuð í varnar- og öryggisgeiranum, frá eða til Rússlands, til notkunar í Rússlandi eða í hernaði Rússlands í Úkraínu,
 - b) flytja hráolíu eða jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XXV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út þaðan, jafnframt því að stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33),
 - c) eru starfrækt með þeim hætti að þau stuðli að eða styðji við aðgerðir eða stefnur um hagnýtingu, þróun eða stækkun orkugeirans í Rússlandi, þ.m.t. orkugrunnvirki,
 - d) eru starfrækt með þeim hætti að þau stuðli að eða styðji við aðgerðir eða stefnur sem grafa undan eða ógna efnahagslegum viðgangi eða fæðuöryggi í Úkraínu, s.s. flutning á stolnu úkraínsku korni eða varðveislu menningararfleifðar Úkraínu, s.s. flutning á stolnum úkraínskum menningarverðmætum,
 - e) flytja vörur sem eru upprunnar í eða fluttar út frá Sambandinu og eru á skrá í XI., XX. og XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða vörur sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi og inn til Sambandsins og eru á skrá í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og stuðla þar með að aðgerðum Rússlands við að grafa undan stöðugleika í Úkraínu,

- f) eru starfrækt með þeim hætti að það stuðli að eða ýti undir brot eða sniðgöngu eða raska verulega á annan hátt ákvæðum þessarar ákvörðunar eða ákvarðana 2014/145/SSUÖ, 2014/386/SSUÖ eða (SSUÖ) 2022/266, eða reglugerða (ESB) nr. 833/2014, (ESB) nr. 269/2014, (ESB) nr. 692/2014 eða (ESB) 2022/263 eða
- g) eru í eigu, á leigu eða í rekstri einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ og í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014, eru að öðru leyti notuð í nafni, fyrir hönd, í tengslum við eða í þágu slíkra aðila.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef um er að ræða skip, sem er skráð í XVI. viðauka, sem þarfnast aðstoðar þegar leitað er skipaafdreps, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgunar mannlífa á hafi úti eða í mannúðarskyni eða til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða til að viðurkenna eða fullnusta dóm eða úrskurð gerðardóms sem kveðinn er upp í aðildarríki.
4. Þrátt fyrir a- og g-lið 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis sem er eyriki heimilað skipi, sem er á skrá í XVI. viðauka skv. e-lið 2. mgr., aðgang að höfnum og akkerislægjum og fá þjónustu skv. g-lið 1. mgr. samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að:
- vörurnar séu algerlega nauðsynlegar til að uppfylla grunnþarfir viðkomandi aðildarríkis og
 - innflutningur á slíkum vörum sé ekki bannaður með öðrum hætti samkvæmt þessari ákvörðun eða reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

4. gr. y

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni og við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi þjónustu þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka verkefnum er varða fljótandi jarðgas, s.s. birgðastöðvum og framleiðslustöðvum.
2. Lagt er bann við því að:
- veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu sem tengist vörum, tækni og þjónustu í Rússlandi þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru ætluð til að ljúka slíkum verkefnum er varða fljótandi jarðgas,
 - veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð í tengslum við vörur, tækni og þjónustu í Rússlandi þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka slíkum verkefnum er varða fljótandi jarðgas.
3. Bönnum í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif, fyrr en 26. september 2024, á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

4. gr. z

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á fljótandi jarðgasi sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi, um birgðastöðvar fyrir fljótandi jarðgas í Sambandinu sem eru ekki tengdar samtengda jarðgaskerfinu.
2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsaðstoð eða aðra þjónustu sem tengjast þeim bönum er um getur í 1. mgr.
3. Bönnum í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda fyrr en 26. júlí 2024 um samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.
4. Bönnum í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á afhendingu fljótandi jarðgass, sem er upprunið í Rússlandi, frá meginlandi aðildarríkis til ystu svæða þess.

4. gr. za

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi, tilflutningi, sölu, afhendingu eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á ukránskum menningareignum og öðrum vörum sem eru fornleifafræðilegar, sögulegar, menningarlegar, hafa fágæta vísindalega eða trúarlega þýðingu ef rökstuddur grunur er um að vörurnar hafi verið fjarlægðar frá Úkraínu án samþykkis lögmæts eiganda þeirra eða hafi verið fjarlægðar þannig að það brjóti í bága við ukránsk lög eða alþjóðalög, einkum ef vörurnar eru óaðskiljanlegur hluti opinberra safngripa sem skráðir eru í skrám ukránskra safna, skjalasafna eða bókasafna eða í skrám ukránskra trúarstofnana.

2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsaðstoð eða aðra þjónustu sem tengjast þeim bönnum er um getur í 1. mgr.
 3. Bannið í 1. og 2. mgr. gildir ekki ef sýnt hefur verið fram á að:
 - a) vörurnar hafi verið fluttar út frá Úkraínu fyrir 1. mars 2014 eða
 - b) verið sé að skila vörunum til lögmætra eigenda sinna í Úkraínu á öruggan hátt.“
- 19) Í stað 5. gr. b kemur eftirfarandi:

„5. gr. b

1. Þegar vörur og tækni sem eru á skrá í XI., XX. og XXXV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, almennar vörur með mikinn forgang sem eru á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða skotvopn og skotfæri sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 258/2012 eru seld, afhent, tilfærð eða flutt út til þriðja lands, að undanskildum samstarfslöndunum sem eru á skrá í VII. viðauka við þessa ákvörðun, skulu útflytjendur, frá og með 20. mars 2024, banna samkvæmt samningi endurútlutning til Rússlands og endurútlutning til nota þar í landi.
 2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:
 - a) efndir samninga í tengslum við vörur sem falla undir SN-númer 8457 10, 8458 11, 8458 91, 8459 61 og 8466 93, eins og skráð er í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014,
 - b) efndir samninga sem gerðir voru fyrir 19. desember 2023 og varða aðrar vörur en þær sem um getur í a-lið, til 1. janúar 2025 eða til lokadagsetningar þeirra, eftir því hvort ber fyrir að.
 - 2a. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um opinbera samninga sem gerðir eru við opinbert stjórnvald í þriðja landi eða við alþjóðastofnun.
 - 2b. Útflytjendur skulu upplýsa lögbært stjórnvald í því aðildarríki, þar sem þeir hafa búsetu eða staðfestu, um hvers konar opinberan samning sem þeir hafa gert og sem nýtur góðs af undanþágunni skv. 2. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hann er gerður. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.
 3. Við beitingu 1. mgr. skulu útflytjendur tryggja að í samningi við þriðja land sem er mótaðili sé að finna fullnægjandi úrræði ef brotið er gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr.
 4. Ef þriðja landið sem er mótaðili brýtur gegn einhverri samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. skulu útflytjendur tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þeir eru búsettir eða hafa staðfestu um brotið um leið og þeir verða varir við það.
 5. Aðildarríkin skulu upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um tilvik þar sem komið hefur í ljós að brotið hefur verið gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. eða hún sniðgengin.“
- 20) Eftirfarandi greinar bætast við:

„5. gr. ba

1. Þegar hugverkaréttur eða viðskiptaleyndarmál eru seld, veitt leyfi fyrir þeim eða þau framseld með öðrum hætti, sem og að veittur er réttur til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða eru verndaðar sem viðskiptaleyndarmál í tengslum við almennar vörur sem njóta forgangs, sem skráðar eru í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, frá og með 26. desember 2024, banna með samningi þriðju löndum sem eru mótaðilar, og gera þá kröfu að þeir banni mögulegum undirleyfishöfum slíks hugverkaréttar eða viðskiptaleyndarmála, að nota slíkan hugverkarétt, viðskiptaleyndarmál eða aðrar upplýsingar í tengslum við almennar vörur með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem ætluð eru til sölu, afhendingar, tilflutnings eða útlutnings, beint eða óbeint, til Rússlands eða til notkunar þar í landi.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um efndir samninga, sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024, fyrir en 26. júní 2025 eða þann dag sem þeir falla úr gildi, eftir því hvort ber fyrir að.
3. Við beitingu 1. mgr. skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir tryggja að í samningi við þriðja land sem er mótaðili sé að finna fullnægjandi úrræði ef brotið er gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr.
4. Ef þriðja landið sem er mótaðili brýtur gegn einhverri samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þeir eru búsettir eða hafa staðfestu um brotið um leið og þeir verða varir við það.

5. Aðildarríkin skulu upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um tilvik þar sem komið hefur í ljós að brotið hefur verið gegn sammingsbundinni skyldu skv. 1. mgr. eða hún sniðgengin.

5. gr. bb

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda, tilfæra eða flytja út almennar vörur með mikinn forgang, eins og skráð er í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, skulu, frá og með 26. desember 2024:

- a) gera viðeigandi ráðstafanir, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að greina og meta áhættu af útflutningi til Rússlands og útflutningi til notkunar í Rússlandi fyrir slíkar vörur eða tækni og tryggja að þetta áhættumat sé skjalfest og uppfært,
- b) koma á viðeigandi stefnum, eftirliti og verklagsreglum, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að milda og stýra með skilvirkum hætti áhættu af útflutningi til Rússlands og útflutningi til notkunar í Rússlandi fyrir slíkar vörur eða tækni, hvort sem áhættan var greind á þeirra vettvangi eða á vettvangi aðildarríkisins eða Sambandsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda eða framselja almennar vörur með mikinn forgang, eins og skráð er í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, einungis innan Sambandsins eða til samstarfslanda sem skráð eru í VII. viðauka við þessa ákvörðun.

3. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, frá og með 26. september 2024, tryggja að lögaðili, rekstrareining eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða hafa yfirlit yfir og selur, afhendir, tilfærir eða flytur út almennar vörur með mikinn forgang eins og skráð er í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, komi til framkvæmda kröfunum í a- og b-lið 1. mgr.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki þegar einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir geta ekki sjálfar farið með yfirlit yfir eigin lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af ástæðum sem viðkomandi átti enga sök á.“

21) Eftirfarandi grein er bætt við:

„5. gr. c

1. Að því er varðar Paks II-verkefnið skulu bönnin í þessari ákvörðun ekki gilda um starfsemi sem er nauðsynleg til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytis-afhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, að því tilskildu að einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum í því aðildarríki þar sem þau eru búsett, staðsett, með staðfestu eða stofnuð um slíka starfsemi innan tveggja vikna frá því hún hefst.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.“

22) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 7. gr.:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbæru stjórnvöldin, á grundvelli sérstaks mats í hverju tilviki fyrir sig til 31. desember 2024, heimilað fullnustu kröfu sem sett er fram af hálfu aðilanna, rekstrareininganna og stofnananna sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr., samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að fullnusta kröfunnar sé algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi.“

23) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

„8. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari ákvörðun eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að leitast vísvitandi við að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.“

24) Eftirfarandi grein er bætt við:

„8. gr. b

Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúinn hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari ákvörðun, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur,

sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita. Sama vernd skal gilda um tillögur æðsta fulltrúans að breytingum á þessari ákvörðun og öll undirbúningsskjöl sem þeim tengjast.

Gera skal ráð fyrir því að birting slíkra skjala eða tillagna, sem um getur í fyrstu undirgrein, myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“

25) Eftirfarandi grein er bætt við:

„8. gr. c

Ráðið skal, einróma á grundvelli 29. og 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, gera breytingar á I., II., III., IV., V., VI., VIII., IX., X., XIV., XVI., XVII., XVIII. og XIX. viðauka.“

26) Viðaukunum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).“

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2012 frá 17. desember 2012 um að koma á aukinni samvinnu á sviði stofnunar sameiginlegrar einkaleyfisverndar (Stjtið. ESB L 361, 31/12/2012, bls. 1).“

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 1141/2014 frá 22. október 2014 um stofnsamþykkt og fjármögnun evrópskra stjórnmalaflokka og evrópskra stjórnmalastofnana (Stjtið. ESB L 317, 04/11/2014, bls. 1).“

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1083 frá 11. apríl 2024 um sameiginlegan ramma um fjölmiðlaþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB (Evrópuþingurinn um frelsi fjölmiðla) (Stjtið. ESB L, 2024/1083, 17.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1083/oj>).“

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1744/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 8.29.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1745**

frá 24. júní 2024

um breytingu á reglugerð ESB nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1744 frá 24. júní 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ⁽³⁾.
- 3) Hinn 24. júní 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 sem breytir ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 4) Ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 breytir banninu við því að lenda á, hefja sig til flugs frá eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins þannig að það gildi einnig um öll loftför sem eru notuð í óreglubundnu flugi og þar sem rússneskur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun er í aðstöðu til að ákvarða með skilvirkum hætti stað eða tímasetningu flugtaks eða landingar, s.s. til að verða við beiðni rússneskra einstaklinga um að vera fluttur til tiltekinna orlofsstaða eða beiðni rússneskra lögaðila um að flytja starfsmenn þeirra á viðskiptafundi í Sambandinu eða viðskiptavini þeirra á ferðamannastaði. Sú breyting miðar að því að koma í veg fyrir sniðgöngu banns við því að lenda á, hefja sig til flugs frá eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins og að því að vinna enn frekar að því markmiði að beita ríkisstjórn Rússlands óbeinum hámarksþrýstingi til þess að binda enda á aðgerðir sínar og stefnur sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu og árársstriðið gegn landinu. Bannið gildir ekki um loftfar sem rússneskur einstaklingur stýrir einungis án þess að vera í aðstöðu til að ákvarða með skilvirkum hætti stað eða tíma fyrir flugtak eða landingu, s.s. ef um er að ræða flugmenn sem starfa hjá flugrekendum sem ekki eru rússneskir. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er einnig gerð breyting á sama banni við því að innleiða undanþágu fyrir tiltekin loftför þegar þau eru notuð fyrir einkaflug, sem er ekki í atvinnuskyni, innan yfirráðasvæðis og loftrýmis Sambandsins í tómstunda- eða þjálfunarskyni.
- 5) Í því skyni að tryggja samræmdar reglur í öllu Sambandinu og berjast gegn sniðgöngu flugbannsins er í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 einnig sett fram sú skylda að flugrekendur láti í té, að ósk lögbærra stjórnvalda í aðildarríkinu, sem er brottfarar-, ákvörðunar- eða landingarstaður, upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sannreyna hvort flugbannið sé virt, þ.m.t. upplýsingar um eignarhald á loftfarinu og um farþega ef gildar ástæður eru til að ætla að flugbannið hafi verið sniðgengið. Slíkar upplýsingar skulu lagðar fram innan frests sem lögbær stjórnvöld hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja setja.
- 6) Þessi skylda virðir grundvallarréttindi að fullu, einkum réttinn til friðhelgi einkalífs og réttinn til verndar persónuupplýsingum, í samræmi við sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn“). Einkum ætti hvers konar vinnsla persónuupplýsinga áfram að takmarkast við það sem nauðsynlegt er og hæfir til að ná markmiðum reglugerðar (ESB) nr. 833/2014. Að því er varðar beitingu viðeigandi ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 ætti að túlka hugtakið óreglubundið flug í samræmi við skilgreininguna á „áætlunarflugi“ sem sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008⁽⁴⁾.
- 7) Til að lágmarka hættu á sniðgöngu er banni við vöruflutningum á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi, breytt með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744. Banna ætti rekstraraðilum í Sambandinu, sem eru 25% eða meira í eigu rússnesks einstaklings eða lögaðila, að gerast flutningafyrirtæki á vegum eða flytja vörur á vegum í Sambandinu, þ.m.t. með gegnumflutningi. Bannið gildir ekki um flutningafyrirtæki á vegum í eigu ríkisborgara með tvöfalt ríkisfang eða rússneskra ríkisborgara sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki. Flutningafyrirtæki á vegum ættu að upplýsa lögbær landsbundin stjórnvöld um skipulag eignarhalds síns, óski þau eftir því.
- 8) Þar sem umtalsverðar birgðir eru til af demöntum sem eru geymdar utan Rússlands og eru ekki lengur tekið fyrir Rússland, en gæti þurft að flytja út til vinnslu eða flytja inn eftir vinnslu, kemur skýrt fram í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 að óslípaðir demantar, sem fluttir eru inn frá Rússlandi fyrir 1. janúar 2024,

og slípaðir demantar, sem fluttir eru inn frá Rússlandi eða framleiddir fyrir 1. mars 2024 eða 1. september 2024, eftir þyngd demants, falla ekki undir bannið varðandi demanta. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er banninu við rússneskum demöntum einnig breytt til að heimila tímabundinn inn- eða útflutning á skartgripum vegna viðgerða, uppboða og kaupstefna. Hún breytir einnig gildissviði og gildistökudegi kröfunnar um sönnun byggða á rekjanleika.

- 9) Markaðurinn fyrir skartgripi með demöntum er hnattrænn og hefur rik innbyrðis tengsl. Þvingunaraðgerðir varðandi slíka skartgripi eru skilvirkari og sniðganga þeirra ólíklegri þegar gripið er til þeirra í samkomulagi við helstu samstarfsaðila Sambandsins, s.s. G7-hópin. Af þessum sökum er í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 kveðið á um að óbeina innflutningsbannið á rússneska demanta, sem eru unnir í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, muni ekki gilda tímabundið um skartgripi sem innihalda slíka demanta eða þar til ráðið ákveður annað í ljósi aðgerða innan G7-hópsins til að framfylgja þeirri ráðstöfun.
- 10) Rússland hefur umtalsverðar tekjur af sölu og flutningi fljótandi jarðgass. Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er lagt bann við því að veita endurfermingarþjónustu á yfirráðasvæði Sambandsins vegna umfermingaraðgerða þar sem slík þjónusta er notuð til umfermingar á fljótandi, rússnesku jarðgasi nema ef um er að ræða slíka umfermingu til aðildarríkjanna. Bannið nær bæði til tilfærslu milli skipa og tilfærslu frá skipi til lands og endurfermingaraðgerða. Stoðþjónusta í tengslum við slíka umfermingu er einnig bönnuð. Bannið hefur ekki áhrif á innflutning til Sambandsins eða afhendingaröryggi aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin skal vakta og gefa ráðinu skýrslu um þróun varðandi fljótandi jarðgas sem tengist banninu og leggja til mótvægisráðstafanir ef mikilvæg þróun verður í tengslum við það.
- 11) Samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er lagt bann við nýjum fjárfestingum og bannað að láta í té vörur, tækni og þjónustu til að ljúka verkefnum sem varða fljótandi jarðgas, s.s. „Arctic LNG 2“ og „M Murmansk LNG“. Það ætti ekki að hafa áhrif á kaup og innflutning á fljótandi jarðgasi frá rússneskum birgðastöðvum eða fjármálaþjónustu sem veitt er til slíkra verkefna vegna fljótandi jarðgass. Slík ráðstöfun takmarkar útvíkkun á getu Rússlands hvað varðar fljótandi jarðgas og þar með tekjur Rússlands.
- 12) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 eru innleiddar innflutningstakmarkanir á fljótandi, rússneskt jarðgas um birgðastöðvar í Sambandinu fyrir fljótandi jarðgas sem eru ekki tengdar við samtengda jarðgaskerfið. Þetta er markviss ráðstöfun sem hefur einungis áhrif á tiltekna starfsstöðvar í tilteknum aðildarríkjum. Hún hindrar ekki á nokkurn hátt innflutning á fljótandi, rússnesku jarðgasi gegnum aðrar starfsstöðvar í Sambandinu og hefur ekki skaðleg áhrif á gasmarkað Sambandsins eða afhendingaröryggi, þ.m.t. á aðgengilegt magn og verð. Takmarkanir þessar ættu ekki að hafa áhrif á afhendingu fljótandi, rússnesks jarðgass frá meginlandi aðildarríkis til ystu svæða þess.
- 13) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er innan tiltekinna geira lagt bann við aðgangi að höfnum og skipastigum aðildarríkjanna, sem og margs konar þjónustu í tengslum við sjóflutninga fyrir skip sem stuðla að getu Rússlands til að heyja stríð gegn Úkraínu. Sú ráðstöfun ætti að takmarka starfsemi skipa sem taka þátt í flutningi á vörum sem afla tekna fyrir hernað Rússlands eða skipa sem eru starfrækt til að leggja af mörkum eða styðja við aðgerðir eða stefnur sem styðja við aðgerðir Rússlands gegn Úkraínu. Skip sem falla undir þvingunaraðgerðirnar eru á skrá í XVI. viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744. Þvingunaraðgerðir Sambandsins, sem eru nauðsynlegt tæki í sameiginlegri stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum gegn árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, beinast ekki að skipum sem sigla undir fána Sambandsins. Slík skip eru starfrækt samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum og verða að uppfylla skuldbindingar sínar í samræmi við þau. Lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum ættu að innleiða og framfylgja takmarkandi ráðstöfunum Sambandsins innan lögsögu hvers þeirra um sig að því er varðar skip sem sigla undir fána Sambandsins. Enn fremur er gildissvið banns við aðgangi að höfnum fyrir skip sem sigla undir rússneskum fána skýrt nánar í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 og undanþágu bætt við.
- 14) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er lagt bann við kaupum, innflutningi, tilflutningi eða útflutningi á úkraínskum menningareignum og öðrum fornleifafraeðilegum, sögulegum, menningarlegum, sjaldgæfum, vísindalegum eða trúarlegum munum þar sem rökstuddur grunur er um að eignirnar eða munirnir hafi verið flutt ólöglega frá Úkraínu. Enn fremur er í henni sett bann við tengdri þjónustu.
- 15) Árið 2020 setti Rússland ný ákvæði í reglur sínar um gerðardómsmeðferðir í þeim tilgangi að tryggja, nema annað sé ákveðið í alþjóðlegum sáttmála Rússlands eða með samkomulagi aðilanna, óskiptar valdheimildir dómstóla í Rússlandi í deilumálum sem varða þátttöku aðila sem sæta þvingunaraðgerðum eða í deilumálum eins rússnesks eða erlends aðila við annan rússneskan eða erlendan aðila, ef grundvöllur slíkra deilna er þvingunaraðgerðir. Slík löggjöf, sem rússneskir dómstólar hafa beitt með víðtækum hætti, hefur það skýra markmið eða þau áhrif að knýja fram fullnustu krafna gegn eignum fyrirtækja í Sambandinu í erlendri lögsögu, krafna sem þeim væri annars bannað að fullnusta samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽⁵⁾. Í því skyni að auka kostnað Rússneska sambandsríkisins vegna ólöglegra aðgerða þess í Úkraínu og fá það til að binda enda á slíkar aðgerðir gerir ákvörðun (SSUÖ)

2024/1744 slíkt þar af leiðandi mögulegt með því að setja viðskiptabann á þau félög sem nýta sér þessi ákvæði rússneskra laga.

- 16) Seðlabanki Rússlands hefur þróað „sendingakerfi fjármálaskilaboða (SPFS)“, sem er sérhæfð fjármálaskilaboðapjónusta til að skiptast á fjármálagögnum sem miðar að því að draga úr áhrifum þeirra aðgerða sem komið var á með reglugerð (ESB) nr. 833/2014, einkum að því er varðar banka- og fjármálageirann. Í því skyni að halda þróun sendingakerfis fjármálaskilaboða (SPFS) í skefjum, draga úr getu Rússlands til að heyja stríð og koma í veg fyrir röskun á þeim ráðstöfunum, sem komið var á með reglugerð (ESB) nr. 833/2014, er í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 lagt bann við því að rekstrareiningar innan Sambandsins, sem starfa utan Rússlands, tengist með beinum hætti sendingakerfi fjármálaskilaboða (SPFS) eða sambærilegri sérhæfðri fjármálaskilaboðapjónustu sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót, og þar er bætt við banni við viðskiptum milli rekstraraðila í Sambandinu og rekstraraðila, sem eru sérstaklega skráðir, með notkun þess kerfis utan Rússlands. Ráðstafanir þessar varða ekki rekstraraðila með staðfestu og starfsemi í Rússlandi, þ.m.t. dótturfélög rekstraraðila í Sambandinu. Ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 leggur ekki bann við því að rekstraraðilar í Sambandinu eigi viðskipti við rússneskar rekstrareiningar sem nota sendingakerfi fjármálaskilaboða (SPFS), að því tilskildu að þessir rekstraraðilar í Sambandinu tengist ekki þessu kerfi sjálfir. Til að komast hjá ófyrirséðum afleiðingum varðandi fjármögnun og greiðslu fyrir lögmæt viðskipti og viðskipti í öðrum lögmætum tilgangi eru þar að auki settar fram í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 markvissar undanþágur sem gera rekstraraðilum í Sambandinu kleift að tengjast sendingakerfi fjármálaskilaboða (SPFS).
- 17) Tiltekna lána- og fjármálastofnanir með staðfestu utan Sambandsins gætu verið að greiða fyrir viðskiptum sem raska ráðstöfunum sem komið var á með reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er komið á banni á viðskipti milli rekstraraðila í Sambandinu og lána- og fjármálastofnana sem og þjónustuveitenda sýndareigna, sem hafa staðfestu utan Sambandsins, þegar ráðið hefur ákvarðað að þessar rekstrareiningar greiði fyrir viðskiptum sem styðja við varnar-iðnaðargrundvöll Rússlands með útflutningi, afhendingu, sölu, tilflutningi eða flutningi til Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, vörum og tækni sem eru á skrá í XI., XX. og XXXV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, almennum vörum með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða skotvopnum og skotfærum, sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012⁽⁶⁾.
- 18) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er gildandi bann við veitingu stuðnings, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð eða hvers konar annar ávinningur af áætlun Sambandsins, Kjarnorkubandalags Evrópu eða aðildarríkis, vikkað enn frekar út þannig að það nái til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Rússlandi eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í meirihlutaeigu þeirra. Einnig eru innleiddar markvissar undanþágur.
- 19) Til að takmarka ekki með óréttmætum hætti atvinnurétt ríkisborgara Sambandsins, sem voru búsettir í Rússlandi fyrir innrásina í Úkraínu í febrúar 2022 og starfa hjá dótturfélögum Sambandsins og rekstrareiningum samstarfslanda í Rússlandi, er með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 komið á undanþágu frá banninu við því að veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi tiltekna þjónustu.
- 20) Rússnesk stjórnvöld og rússneskir dómstólar hafa gripið til aðgerða til að svipta handhafa hugverkaréttinda aðildarríkja vernd sinni í Rússlandi með ólögum hætti. Þetta hefur leitt til óréttmæts samkeppnisforskots fyrir rússneskan iðnað og stuðlað að auknum tækjum Rússlands, sem gerir því enn frekar kleift að heyja stríð í Úkraínu. Til að vega upp á móti þessu er í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 mælt fyrir um takmarkanir á viðtöku umsókna frá rússneskum ríkisborgurum, einstaklingum sem búsettir eru í Rússlandi og rússneskum fyrirtækjum um skráningu tiltekinna hugverkaréttinda í Sambandinu. Einkum skulu hugverkastofur og aðrar þar til bærar stofnanir ekki leyfa innlagningu slíkra umsókna, sbr. þó málsmeðferðarreglur þeirra. Í samræmi við þá skyldu ætti enn fremur ekki að krefjast þess að hugverkastofur og aðrar þar til bærar stofnanir gefi út formlega ákvörðun um synjun, ef slíkar umsóknir eru lagðar inn, og gera þannig hugsanlega endurskráningu mögulega þegar gildandi takmörkun hefur verið felld úr gildi. Til að hrinda þessari takmörkun í framkvæmd ætti að gera hugverkastofum og öðrum þar til bærum stofnunum kleift að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum frá einstaklingum og fyrirtækjum sem sækja um skráningu á viðkomandi hugverkaréttindum.
- 21) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er lagt bann við því að stjórnmalaflokkar, -stofnanir, -bandalög, frjáls félagasamtök, þ.m.t. hugveitur, og fjölmiðlaveitur í Sambandinu, samþykki fjármögnun, framlög eða annan efnahagslegan ávinning eða stuðning frá Rússlandi, beint eða óbeint. Í ljósi áframhaldandi samstilltrar viðleitni Rússlands til að hafa áhrif á lýðræðisleg ferli í Sambandinu og grafa undan lýðræðislegum undirstöðum þess, m.a. með herferðum til áhrifa og með því að ýta undir rangar upplýsingar sem miða að því að grafa undan landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu og með því að ýta undir áróður Rússa, sem

miðar að því að réttlæta og styðja árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, þykir rétt að fjármögnun frá Rússlandi og stuðningsmönnum þess við gerendur í Sambandinu, sem koma að því að móta almennings-álitið í Sambandinu, verði bönnuð. Þessir áróðursherferðir og herferðir til að dreifa röngum upplýsingum geta grafið undan grunnstoðum lýðræðissamfélaga og eru óaðskiljanlegur hluti af vopnabúri fjölþáttaárása nútímans. Markmið takmörkunar á þessum fjárstuðningi er að vernda heilleika pólitískra ferla í Sambandinu, vernda borgara Sambandsins gegn misnotkun og verja innri málefni Sambandsins gegn illviljuðum afskiptum með því að tryggja vernd meginreglna réttarríkisins, lýðræðis og fjölhyggju fjölmiðla. Aðildarríkin geta staðið gegn slíkri truflun á lýðræðislegum ferlum og að grafið verði undan lýðræðislegum grunnstoðum, eftir því sem við á, innan marka núverandi landsbundinna ramma um reglufylgni. Í samræmi við grundvallarréttindi og frelsi sem viðurkennd eru í sáttmálanum um grundvallarréttindi, einkum réttinn til tjáningar- og upplýsingafrelsis, frelsis til atvinnurekstrar og eignarréttinn, eins og hann er viðurkenndur í 11., 16. og 17. gr., eftir því sem við á, kemur þessi ráðstöfun ekki í veg fyrir að fjölmiðlaveitur og starfsfólk þeirra stundi aðra starfsemi í Sambandinu, eins og rannsóknir og viðtöl. Enn fremur breytir þessi takmörkun ekki þeirri skyldu að virða þau réttindi, frelsi og meginreglur sem um getur í 6. gr. sáttmálans um Evrópu-sambandið, þ.m.t. í sáttmálanum um grundvallarréttindi og stjórnarskrám aðildarríkjanna, á viðkomandi gildissviðum þeirra.

- 22) Til að vekja athygli á framfylgd aðgerða þykir rétt að aðildarríki geri grein fyrir viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum.
- 23) Í samræmi við markmið sameiginlegrar stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum um að varðveita frið, styrkja alþjóðaöryggi og stuðla að alþjóðlegri samvinnu, lýðræði og réttarríkinu, og nánar tiltekið markmið ákvörðunar 2014/512/SSUÖ, þykir rétt að tryggja að skjöl í vörslu ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsta fulltrúans“) er varða framfylgd þvingunaraðgerða, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða sem varða það að koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, falli undir þagnarskyldu og að þau njóti þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita enda væri hægt að nota upplýsingar í þessum skjölum til að hindra framfylgd þessara aðgerða eða stofna árangri þeirra í hættu, þar eð viðkomandi aðilar og rekstrareiningar gætu reynt að koma í veg fyrir framfylgd þeirra. Einnig ætti að tryggja sömu vernd fyrir sameiginlegar tillögur æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og öllum tengdum undirbúningsskjölum, þar sem birting þeirra gæti haft áhrif á skilvirkni aðgerðanna sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, og undirbúning síðari tillagna og viðræður á grundvelli þeirra. Tiltæknar ráðstafanir sem koma fram í slíkum tillögum og sem ráðið getur ekki samþykkt af ýmsum ástæðum, eru oft settar fram í síðari tillögum af æðsta fulltrúanum og framkvæmdastjórninni. Mikilvægt er að vernda þetta frumkvæðisvald gegn því að opinberir eða einkahagsmunaaðilar beiti áhrifum sínum til að reyna að þrýsta á stofnanir og þjónustustofnanir Sambandsins, utan skipulagðs samráðs, til að leggja fram tillögu að breytingu, samþykkja, breyta eða koma sér saman um breytingu. Birting þeirra gæti leitt til þess að hugsanlegar nýjar aðgerðir verði óskilvirkar vegna þess að fyrirhuguð samþykkt þeirra hefði þegar verið opinberuð. Því má gera ráð fyrir því að birting slíkra skjala myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.
- 24) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er innleidd undanþága sem heimilar fullnustu tiltekinnna krafna sem rússneskir aðilar, rekstrareiningar og stofnanir hafa lagt fram ef það er algerlega nauðsynlegt til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi.
- 25) Rétt þykir að innleiða ákvæði sem gerir ríkisborgurum og fyrirtækjum aðildarríkja kleift að sækja bætur frá rússneskum einstaklingum og rekstrareiningum sem hafa valdið þeim tjóni. Þetta tekur til tjóns sem fyrirtækin, sem þau eiga eða ráða yfir, verða fyrir í tengslum við samning eða viðskipti sem verða fyrir áhrifum af ráðstöfunum, sem gerðar eru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014, og í tengslum við þá ólögmatu, tímbundnu stjórnun sem komið var á með ákvörðun forystu Rússneska sambandsríkisins sem beinist að fasteignum erlendra aðila sem staðsettar eru á yfirráðasvæði Rússneska sambandsríkisins, sem tengjast „óvinveittum erlendum ríkjum“, þ.e. ríkjum sem hafa innleitt þvingunaraðgerðir gegn Rússlandi. Sækja má bætur að því tilskildu að slík ákvörðun sé ólögmat samkvæmt hefðbundnum meginreglum þjóðaréttar eða samkvæmt tvíhliða samningi um fjárfestingar sem gerður er milli aðildarríkis og Rússlands. Í hvoru tilvikinu sem er má krefjast bótanna með því skilyrði að hlutaðeigandi ríkisborgari eða félag aðildarríkis hafi ekki virkan aðgang að úrræðum, t.d. samkvæmt viðeigandi tvíhliða samningi um fjárfestingar. Slíkar bætur má sækja fyrir dómstólum aðildarríkis í samræmi við viðeigandi ákvæði laga Sambandsins og aðildarríkisins sem varða lögsögu og meðferð fyrir dómstólum í einkamálum og viðskiptamálum, þ.m.t. þau sem varða mögulegar bráðabirgðaaðgerðir.
- 26) Ef einstaklingur eða lögaðili tilkynnir sjálfviljugur, að öllu leyti og tímanlega um brot á þvingunaraðgerðunum ættu lögbær innlend stjórnvöld að geta tekið tilhlýðilegt tillit til þeirrar sjálfstilkynningar við

beitingu viðurlaga, eins og við á, í samræmi við landsbundin stjórnvaldslög eða önnur viðeigandi landslög eða reglur. Þær ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226⁽⁷⁾ og þær kröfur sem þar eru settar fram varðandi mildandi aðstæður, gilda.

- 27) Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 gildir aðeins innan lögsögumarka sem skilgreind eru í 13. gr. þeirrar reglugerðar. Ef rekstraraðilar í Sambandinu geta haft afgerandi áhrif á framferði lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu utan Sambandsins á skilvirkan hátt geta þeir jafnframt borið ábyrgð á aðgerðum þess lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem grafa undan þvingunaraðgerðunum og ættu að beita áhrifum sínum til að koma í veg fyrir að slíkar aðgerðir eigi sér stað.
- 28) Slík áhrif má leiða af eignarhaldi eða yfirráðum yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun. Eignarhald merkir umráð yfir 50% eða meira af eignarrétti lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða meirihluta í þeim. Þættir sem gefa til kynna yfirráð eru m.a.: réttur eða vald til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, réttur til að nota allar eignir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, réttur til að stjórna starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á sameiginlegum grunni og birta jafnframt samstæðureikningsskil, eða réttur til að hafa ráðandi áhrif í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun.
- 29) Rétt þykir að gera þá kröfu að rekstraraðilar í Sambandinu geri sitt ýtrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Til slíkrar starfsemi telst starfsemi sem hefur þau áhrif sem reynt er að koma í veg fyrir með þessum þvingunaraðgerðum, t.d. að viðtakandi í Rússlandi fái vörur, tækni, fjármögnun eða þjónustu af tegund sem fellur undir bönn samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 30) Leggja ætti þann skilning í bestu viðleitni að hún taki til allra viðeigandi og nauðsynlegra aðgerða til að ná fram árangri sem kemur í veg fyrir að grafið verði undan þvingunaraðgerðunum í reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Aðgerðirnar geta t.d. falið í sér innleiðingu viðeigandi stefna, stjórnækja og verklagsreglna til að draga úr og stýra áhættu á skilvirkan hátt, að teknu tilliti til þátta á borð við þriðja landið þar sem fyrirtækið hefur staðfestu, atvinnugrein og tegund starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem rekstraraðili í Sambandinu á eða hefur undir sínum yfirráðum. Jafnframt ber að skilja bestu viðleitni svo að hún taki einungis til aðgerða sem eru framkvæmanlegar fyrir rekstraraðilann í Sambandinu í ljósi eðlis hans, umfangs og viðeigandi raunverulegra aðstæðna, einkum þess hversu mikil yfirráð hann hefur yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins. Slíkar aðstæður taka til aðstæðna þar sem rekstraraðili í Sambandinu getur, af ástæðum sem hann sjálfur kom ekki að, s.s. löggjöf þriðja lands, ekki farið með yfirráð yfir lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hann á sjálfur.
- 31) Ákvæði 12. gr. g í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 krefst þess að rekstraraðilar í Sambandinu banni samkvæmt samningi endurútflytning til Rússlands og endurútflytning til nota þar í landi á viðkvæmum vörum og tækni, sem eru á skrá í XI., XX. og XXXV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, almennum vörum með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða skotvopnum og skotfærum sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 258/2012 („ákvæðið um útilokun Rússlands“ (e. „no-Russia clause“). Ef um er að ræða samninga sem falla undir gildissvið 12. gr. g í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem voru gerðir fyrir 19. desember 2023, ætti að líta svo á að skuldbindingin samkvæmt þeirri grein hafi verið uppfyllt ef samningurinn inniheldur almennt ákvæði sem bannar útflutning og endurútflytning á viðkomandi vörum og tækni til lögsagnarumdæma sem þvingunaraðgerðir Sambandsins beinast gegn og setur fram fullnægjandi úrræði ef um er að ræða brot á því ákvæði.
- 32) Framkvæmdastjórnin mun meta þau áhrif sem gildistaka gildandi skuldbindingar, skv. 12. gr. g í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um að nota „ákvæðið um útilokun Rússlands“, hefur á það að koma í veg fyrir sniðgöngu. Hún mun einnig leggja mjög nákvæmt mat á gögn um viðskipti, hagskýrslur um útflutning og aðrar upplýsingar er varða sniðgöngumynstur fyrir þær vörur sem um getur í þeirri grein, þ.m.t. hvaða hlutverki dótturfyrirtæki rekstraraðila í Sambandinu í þriðju löndum geta gegnt í slíkum mynstrum. Á grundvelli þess mun framkvæmdastjórnin meta hvort „ákvæðið um útilokun Rússlands“ (e. „no-Russia clause“) sé viðeigandi miðað við tilganginn og ihuga hvers konar aðrar viðeigandi aðgerðir til að skerða aðgang Rússlands að viðkvæmum vörum sem gera því kleift að halda áfram stríði sínu í Úkraínu, þ.m.t. möguleikann á að krefjast þess að rekstraraðilar í Sambandinu tryggi að dótturfélög þeirra í þriðju löndum noti einnig „ákvæðið um útilokun Rússlands.“
- 33) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er þess krafist að rekstraraðilar í Sambandinu banni með samningi mótadílum sínum í viðskiptum í þriðju löndum að nota eða að heimila notkun á hugverkaréttindum, viðskiptaleyndarmálum eða efni eða upplýsingum sem njóta verndar samkvæmt hugverkarétti eða sem viðskiptaleyndarmál sem þeir hafa fengið framseld í tengslum við almennar vörur með mikinn forgang sem til stendur að selja, afhenda eða flytja út til Rússlands eða til notkunar í Rússlandi. Til að tryggja að þessi skuldbinding verði virt ættu rekstraraðilar í Sambandinu að skylda þá til að samþykka viðeigandi úrræði í slíkum

samningum. Rekstraraðilar í Sambandinu ættu að tilkynna öll brot sem upp koma til lögbærra landsbundinna stjórnvalda. Ef um er að ræða samninga, sem falla undir gildissvið þessarar takmörkunar og gerðir voru fyrir 25. júní 2024, ætti að telja skuldbindinguna uppfyllta ef samningurinn inniheldur almennt ákvæði sem bannar notkun eða að heimila notkun á viðkomandi hugverkaréttindum, viðskiptaleyndarmálum eða efni eða upplýsingum sem njóta hugverkaverndar eða eru verndaðar sem viðskiptaleyndarmál, og setur fram viðeigandi úrræði ef um er að ræða brot á því ákvæði.

- 34) Til að berjast gegn endurútflytningi á almennum vörum með mikinn forgang, sem skráð eru í XL. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem fundist hafa á vígvellinum í Úkraínu eða eru nauðsynleg fyrir þróun, framleiðslu eða notkun rússneskra hergagna, er þess krafist í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 að rekstraraðilar í Sambandinu, sem selja, afhenda, tilfæra eða flytja út almennar vörur með mikinn forgang til þriðju landa, annarra en samstarfslandanna sem skráð eru í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, framkvæmi áreiðanleikakönnun sem getur greint og metið áhættu við útflytning til Rússlands og dregið úr slíkri áhættu. Enn fremur er þess krafist í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 að rekstraraðilar í Sambandinu sjá til þess að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða hafa yfirlit yfir, komi þessum kröfum einnig til framkvæmda.
- 35) Ef þess er krafist í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 að rekstraraðilar í Sambandinu sjá til þess að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða hafa yfirlit yfir, framkvæmi tilteknar aðgerðir til að koma í veg fyrir útflytning eða endurútflytning á vörum eða tækni til Rússlands ætti að framfylgja slíkum kröfum að því marki sem heimilt er samkvæmt löggjöf þriðja landsins þar sem viðkomandi lögaðili, rekstrareining eða stofnun hefur staðfestu.
- 36) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er nánar skýrt frá því að ekki er hægt að skírskota til varnar gegn bótaábyrgð sem veitt er rekstraraðilum í Sambandinu ef þeir vissu ekki og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þvingunaraðgerðir Sambandsins ef rekstraraðilar í Sambandinu hafa ekki framkvæmt viðeigandi áreiðanleikakönnun. Taka ætti tillit til upplýsinga, sem eru aðgengilegar almenningi eða tiltækar, við framkvæmd slíkrar áreiðanleikakönnunar. Því ætti rekstraraðili í Sambandinu t.d. ekki að geta beitt fyrir sig slíkri vernd þegar hann er sakaður um brot gegn viðeigandi þvingunaraðgerðum þar sem hann hefur ekki framkvæmt einfaldar athuganir eða skoðanir.
- 37) Til að tryggja samræmi við túlkun Dómstóls Evrópusambandsins í máli C-72/11 breytir ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 ákvæðinu sem bannar sniðgöngu til að skýra nánar að kröfurnar um þekkingu og ásetning eru ekki aðeins uppfylltar þegar einstaklingur leitast vísvitandi við að sniðganga þvingunaraðgerðir eða valda því að þær séu sniðgengnar heldur einnig þegar einstaklingi, sem tekur þátt í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þvingunaraðgerðir eru sniðgengnar, er ljóst að slík þátttaka getur haft það markmið eða þau áhrif og sættir sig við þann möguleika.
- 38) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er 61 nýjum rekstrareiningum bætt við skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflytningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 hefur á skránni tilteknar rekstrareiningar í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem taka þátt í að sniðganga viðskiptahindranir og koma að innkaupum á viðkvæmum hlutum sem notaðir eru t.d. til framleiðslu á ómönnum loftföllum, eða sem veita hernaðaraðgerðum Rússlands efnislegan stuðning.
- 39) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 er aukið við skrána yfir hluti sem stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála með því að bæta við hlutum sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hlutum sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa þess, þ.m.t. tiltekinna vélaverkfæra og tiltekinna torfæruökutækja.
- 40) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 eru settar fram frekari takmarkanir á útflytning á vörum sem gætu einkum stuðlað að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar, s.s. iðefni, þ.m.t. mangangrýti og sambönd sjaldgæfra jarðefna, plasts, véla til graftar, vöktunartækja og rafbúnaðar. Enn fremur var fimm almennum vörum með mikinn forgang bætt við takmarkanir á útflytning vara.
- 41) Auk þess eru með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 lögð frekari innflytningshöft á helium sem aflar Rússlandi umtalsverðra tekna og gera því þannig kleift að halda áfram árásarstríði sínu gegn Úkraínu.
- 42) Í verðþakskerfinu er kveðið á um að undanskilja megi verðþakinu, sem Verðþaksbandalagið hefur samþykkt, sérstök verkefni sem eru nauðsynleg fyrir orkuöryggi tiltekinna þriðju landa. Í nánú samstarfi við Verðþaksbandalagið er undanþágan, sem kveðið er á um í tengslum við Sakhalin-2 (Сахалин-2) verkefnið,

sem er staðsett í Rússlandi, framlengd með ákvörðun (SSUÖ) 2023/2874⁽⁸⁾ til 28. júní 2025 til að tryggja orkuöryggisþörf Japans.

- 43) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 eru gerðar tiltekna tæknilegar breytingar á gildandi texta og viðaukum og felldar brott tilvísanir í umbreytingartímabil sem eru fallin úr gildi. Ekki er ætlunin að það að fella brott tilvísanir til umbreytingartímabila sem þegar eru útrunnin hafi nein réttaráhrif á fyrri eða yfirstandandi samninga eða á gildi þessara umbreytingartímabila.
- 44) Sambandið hefur einsett sér að forðast ógnir við kjarnorkuöryggi. Því er með ráðstöfunum í þessari reglugerð ekki reynt að grafa undan áætlanagerð, byggingaframkvæmdum og mannvirkjagerð, gangsetningu, viðhaldi eða eldsneytisafhendingu fyrir nýbyggða kjarnorkuverkefnið Paks II. Af þessum sökum er með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 innleidd lárétt undanþága frá bönnum í þessari reglugerð fyrir Paks II-verkefnið, með tilkynningarskyldu fyrir slíka starfsemi.
- 45) Loks er með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1744 aukið við skrána yfir samstarfslönd sem beita röð ráðstafana varðandi útflutningseftirlit eða röð þvingunaraðgerða varðandi innflutning á járn og stáli og röð ráðstafana vegna eftirlits með innflutningi sem eru í meginatriðum jafngildar ráðstöfunum sem eru settar fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 46) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 47) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. gr.:
 - „ze) „frjáls félagasamtök“: sjálfbodaðastofnun eða -samtök sem komið er á fót til að vinna að meginmarkmiðum stofnenda eða meðlima, sem helgast ekki af hagnaðarsjónarmiðum,
 - zf) „umferming“:
 - i. flutningur milli skipa, sem er á sama tíma affermingar- og endurfermingaraðgerð með beinum flutningi frá einu skipi fyrir fljótandi jarðgas yfir í annað skip fyrir fljótandi jarðgas eða
 - ii. flutningur frá skipi til lands og endurferming, þ.m.t. starfsemi á borð við affermingu fljótandi jarðgass úr skipi yfir í tank á birgðastöð, geymsla fljótandi jarðgass í tankinum og endurferming skips; þessa starfsemi er hægt að markaðssetja sem staka þjónustu eða sem samsetta þjónustu.“
- 2) Í stað c-liðar 4. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„c) ætlaðar til reksturs, viðhalds, eldsneytisendurmeðhöndlunar og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.“
- 3) Í stað c-liðar 4. mgr. 2. gr. a kemur eftirfarandi:

„c) ætlaðar til reksturs, viðhalds, eldsneytisendurmeðhöndlunar og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.“
- 4) Í stað a-liðar 1. mgr. 3 gr. a kemur eftirfarandi:

„a) að eignast hlut eða auka hlutdeild sína í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt rússneskum lögum eða lögum þriðja lands og starfar í orkugeiranum í Rússlandi, þ.m.t. í verkefnum á byggingarstigi vegna framleiðslu á fljótandi jarðgasi,“.
- 5) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 3. gr. c:

„6f. Þrátt fyrir 1., 2. og 4. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning og tilflutning vara, sem falla undir SN-númer 9026 00 00, eins og skráð er í B-hluta XI. viðauka, sem eru staðsettar í Sambandinu, frá og með 25. júní 2024, vegna viðhalds eða viðgerða eða veitingar tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, váttrygginga eða endurtrygginga eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé algerlega nauðsynlegt vegna starfsemi Sakhalin-2 (Сахалин-2) verkefnisins til að tryggja orkuöryggi Japans.“
- 6) Ákvæðum 3. gr. d er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að loftför, sem flugrekendur í Rússlandi starfrækja, þ.m.t. markaðsaðilar á sviði loftflutninga innan ramma fyrirkomulags um sameiginleg flugnúmer eða föst sæta kaup, loftför sem skráð eru í Rússlandi eða loftför sem ekki eru skráð í Rússlandi, sem eru í eigu eða leigu eða á annan hátt undir yfirráðum rússneskra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, lendi á, hefji sig til flugs frá eða fljúgi yfir yfirráðasvæði Sambandsins. Bannið í þessari málsgrein gildir einnig um öll önnur loftför sem notuð eru í óreglubundnu flugi og þar sem rússneskur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun er í aðstöðu til að ákvarða með skilvirkum hætti hvar eða hvenær flugtak eða landing fer fram. Bannið í þessari málsgrein gildir ekki um loftför sem rúma að hámarki fjóra einstaklinga í sætum og með hámarksflugtaks-massa sem er ekki meiri en 2000 kg þegar þau eru notuð fyrir einkaflug, sem er ekki í atvinnuskyni, innan yfirráðasvæðis og loftrýmis Sambandsins í tólmstundaskyni eða til þjálfunar með tilliti til einkaflugmanns-réttinda og skyldra réttinda hjá þjálfunaraðilum í Sambandinu.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a Með fyrirvara um 5. mgr. skulu flugrekendur veita, hvað varðar óreglubundið flug, þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þeim tilgangi að sannprófa að farið sé að 1. mgr., m.a.:

- a) trúverðugar og fullnægjandi upplýsingar um raunverulegan endanlegan eiganda loftfarsins og, þar sem við á, um einstaklinginn, lögaðilann, rekstrareininguna eða stofnunina sem leigir loftfarið endanlega og
- b) almenna yfirlýsingu, farþegaskrá og önnur opinber skjöl sem sýna fullt nafn, fæðingardag og -ár, fæðingarstað og þjóðerni allra farþega og flugverja ef gild ástæða er til að ætla að bannið í 1. mgr. hafi verið sniðgengið, á grundvelli þátta á borð við flugleiðir og upphafsstað flugs, eða upplýsingar um viðkomandi flugrekanda.

Upplýsingarnar skulu veittar að beiðni lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki sem er brottfarar-, ákvörðunar- eða landingarstaður.

Upplýsingarnar skulu veittar fyrir landingu, flugtak eða yfirflug yfir yfirráðasvæði Sambandsins, innan frests sem lögbær stjórnvöld hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja setja.

Hvers konar vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari málsgrein skal fara fram í samræmi við þessa reglugerð og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679⁽⁹⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725⁽¹⁰⁾ og einungis að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar þessarar reglugerðar.

7) Ákvæðum 3. gr. ea er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að veita aðgang að höfnum eftir 16. apríl 2022 og að skipastigum eftir 29. júlí 2022 á yfirráðasvæði Sambandsins hverju því skipi sem skráð eru undir fána Rússlands, og slíkum skipum aðgang að höfnum og skipastigum, að undanskildum aðgangi að skipastigum í þeim tilgangi að yfirgefa yfirráðasvæði Sambandsins.“

b) Í stað a-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) skip sem fellur undir gildissvið viðeigandi alþjóðasamninga, þ.m.t. eftirlíkingar af sögulegum skipum,“.

c) Í stað d-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„d) vegna flutnings á kjarnorkueldsneyti og öðrum vörum sem eru algerlega nauðsynlegar fyrir starfsemi kjarnorkugetu til borgaralegra nota.“

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5c. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað skipum, sem hafa skipt út rússneskum fána til að sigla undir fána annars ríkis fyrir 16. apríl 2022, aðgang að höfn eða skipastiga, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að skipið:

- a) hafi verið aflagt samkvæmt lögum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022,
- b) hafi verið selt nauðungarsölu af lögbærum landsbundnum stjórnvöldum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022 og
- c) hafi verið staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkis þegar nauðungarsalan fór fram.“

e) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 5. mgr., 5. mgr. a, 5. mgr. b og 5. mgr. c innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

- 8) Í stað 7. mgr. 3. gr. g kemur eftirfarandi:
- „7. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara, sem eru á skrá í XVII. viðauka, með þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.“
- 9) Ákvæðum 3. gr. i er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 3. mgr. c kemur eftirfarandi:
- „3c. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara, sem eru á skrá í XXI. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, með þeim skilyrðum sem þau telja við hæfi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.“
- b) Ákvæði 3. mgr. ca falla brott.
- c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „3ce. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, innflutning eða tilflutning vara sem voru staðsettar í Rússlandi, áður en viðeigandi bann tók gildi að því er varðar þessar vörur, sem falla undir SN-númer 8471, 8523, 8536 og 9027, eins og skráð er í XXI. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað að þessar vörur séu íhlutir lækningatækja og séu fluttar inn í Sambandið vegna viðhalds, viðgerðar eða skila á gölluðum íhlutum.
- 3cf. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 28042910 og 284540 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 26. september 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“
- d) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:
- „6. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. ab, 3. mgr. c og 3. mgr. e innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 10) Ákvæðum 3. gr. k er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæði 3. mgr. aa falla brott.
- b) Í stað c-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:
- „c) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar.“
- c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „3ad. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númerin sem skráð eru í XXIIIC. viðauka gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 26. september 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.
- 3ae. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2602 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 26. júlí 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.
- 3af. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 8481 80 og 8708 99 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 26. desember 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

d) Eftirfarandi málgrein er bætt við:

„4a Bönningin í 1. mgr., 1. mgr. a og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.“

e) Eftirfarandi málgreinum er bætt við:

„5d. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem falla undir SN-númer 3917, 8421, 8471, 8523, 8536 og 8544, eins og skráð er í XXIII. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að þessar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg vegna viðhalds eða viðgerðar á lækningatækjum.

5e. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning og tilflutning vara, sem falla undir SN-númer 8414 90 og 9026, eins og skráð er í XXIII. viðauka, sem eru staðsettar í Sambandinu frá og með 25. júní 2024, vegna viðhalds eða viðgerða eða veitingar tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, váttrygginga eða endurtrygginga eða fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé algerlega nauðsynlegt vegna starfsemi Sakhalin-2 (Сахалин-2) verkefnisins til að tryggja orkuöryggi Japans.“

f) Í stað 5. mgr. a kemur eftirfarandi:

„5a Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á eftirfarandi vörum eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg til persónulegra heimilisnota einstaklinga í Rússlandi:

- a) vörum sem falla undir SN-númer 8417 20,
- b) krönum, hönum og lokum sem falla undir SN-númer 8481 80 og eru hannaðir fyrir pípulagnir, hitunar-, loftræsti- eða loftjöfnunarkerfi,
- c) rörum, pípum og píputengi úr kopar sem falla undir SN-númer 7411 eða 7412 og eru allt að 50 mm að innanmáli.“

g) Eftirfarandi málgrein er bætt við:

„5aa. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 3917 10 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur séu seldar, afhentar, fluttar til eða fluttar út eingöngu í þágu matvælaframleiðslu til mannelis í Rússlandi.“

h) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Við afgreiðslu beiðna um heimildir, sem um getur í 5. mgr., 5. mgr. a, 5. mgr. aa, 5. mgr. b, 5. mgr. c og 5. mgr. d, skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild til útflutnings til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi ef þau hafa réttmæta ástæðu til að ætla að vörunar séu til hernaðarnota.“

11) Eftirfarandi málgreinum er bætt við í 31. gr.:

„1b. Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu, sem er yfir 25% í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, að verða flutningafyrirtæki á vegum sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.

1c. Frá og með 26. júlí 2024 er lagt bann við því að flutningafyrirtæki á vegum sem komið er á fót í Sambandinu eftir 8. apríl 2022, sem er yfir 25% í eigu rússnesks einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, flytji vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í gegnumflutningi.

1d. Flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Sambandinu skulu, að fenginni beiðni frá lögbæru innlendu stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu, veita því stjórnvaldi upplýsingar um skipulag eignarhalds síns.

2a. Ákvæði 1. mgr. b og 1. mgr. c gilda ekki um flutningafyrirtæki á vegum með staðfestu í Sambandinu, sem eru yfir 25% í eigu ríkisborgara Rússlands sem einnig eru ríkisborgarar aðildarríkis eða sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki.“

12) Ákvæðum 3. gr. p er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Frá og með 1. september 2024 er lagt bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum sem skráðar eru í A- og B-hluta viðauka XXXVIII A, sem eru unnar í þriðja landi og eru eða innihalda demanta sem eru upprunnir í Rússlandi eða fluttir út frá Rússlandi og veга a.m.k. 0,5 karöt eða 0,1 gramm hver demantur.

Að því er varðar vörur, sem tilgreindar eru í C-hluta viðauka XXXVIII A, sem eru unnar í þriðja landi og innihalda demanta sem eru upprunnir í Rússlandi eða fluttir út frá Rússlandi og veга 0,5 karöt eða meira eða 0,1 gramm í hverjum demanti gildir bannið í þessari málsgrein frá og með þeim degi sem ráðið ákveður samkvæmt tillögu sem lögð er fram á grundvelli 215. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Að því er varðar 3. og 4. mgr. skulu vörur, sem falla undir SN-númer 7102 31 00 og 7102 10 00 og fluttar eru inn í Sambandið, tafarlaust lagðar fram til sannprófunar ásamt gögnum sem votta uppruna þeirra, hjá stjórnvaldinu sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B. Aðildarríkið þar sem þessar vörur voru fluttar inn á tollsvæði Sambandsins skal tryggja að þær séu lagðar fram hjá stjórnvaldinu sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B. Heimilt er að veita leyfi fyrir tollmeðferð við umflutning í þessu skyni. Ef veitt er leyfi fyrir tollmeðferð við umflutning skal fresta sannprófuninni, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, uns stjórnvaldið sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B hefur tekið við vörunum. Innflytjandinn skal vera ábyrgur fyrir réttum flutningi varanna og bera kostnað af honum. Framlagning til þess yfirvalds er ekki nauðsynleg að því tilskildu að vörurnar hafi áður farið í gegnum sannprófunarferlið, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, og að því tilskildu að það sé sannað með gögnum, byggðum á rekjanleika, þ.m.t. samsvarandi vottorði sem vottar að demantarnir séu ekki unnir, meðhöndlaðir eða framleiddir í Rússlandi, eins og kveðið er á um í 10. mgr.“

c) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Að því er varðar 3. og 4. mgr. skulu innflytjendur leggja fram sönnun við innflutning um upprunaland demantanna eða varanna sem innihalda demanta sem eru notuð sem ílag við vinnslu framleiðsluvörunnar í þriðja landi.

Frá og með 1. mars 2025 skal sönnun byggð á rekjanleika fyrir vörur á skrá í A-hluta viðauka XXXVIII A innihalda samsvarandi vottorð um að námugróftur, vinnsla eða framleiðsla demantanna hafi ekki farið fram í Rússlandi.“

d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„11. Bönnin í 1., 3. og 4. mgr. gilda ekki um vörur, sem eru tilgreindar í A-, B- og C-hluta viðauka XXXVIII A, ef þessar vörur voru staðsettar í Sambandinu fyrir gildistöku dag viðkomandi banns og síðan fluttar út til þriðja lands, annars en Rússlands.

Þegar innflutningur til Sambandsins á sér stað skulu innflytjendur leggja fram gögn um að vörurnar hafi verið staðsettar í Sambandinu eða vottorð, sem er byggt á framlagðri birgðayfirlýsingu, frá yfirvaldinu sem tilgreint er í viðauka XXXVIII B, áður en þær voru fluttar út frá Sambandinu.

12. Bönnin í 1., 3. og 4. lið gilda ekki um vörur, sem eru skráðar í A-, B- og C-hluta viðauka XXXVIII A, ef þessar vörur voru á staðnum, slípaðar eða framleiddar í þriðja landi, öðru en Rússlandi, fyrir gildistöku dag viðkomandi banns.

Innflytjendur skulu, við innflutning inn í Sambandið, færa sönnun á að vörurnar hafi upphaflega verið fluttar inn til þriðja lands fyrir þann dag þegar viðkomandi bann fyrir vörur, sem falla undir SN-númer 7102 10 00, 7102 31 00 og 7104 21 00, kom til framkvæmda. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7102 39 00 og 7104 91 00, sem og vörur sem eru tilgreindar í C-hluta viðauka XXXVIII A, skulu innflytjendur leggja fram, þegar innflutningur á sér stað, sönnun þess að vörurnar hafi verið fullunnar eða framleiddar í þriðja landinu eða hafi raunverulega verið staðsettar til vinnslu eða framleiðslu í þriðja landinu áður en viðkomandi bann tók gildi.

13. Bönnin í 4. og 5. mgr. gilda ekki um vörur, sem eru á skrá í C-hluta viðauka XXXVIII A og framleiddar fyrir 1. september 2024, og tengda þjónustu ef þessar vörur voru fluttar inn í Sambandið tímabundið frá einhverju þriðja landi eða yfirráðasvæði, öðru en Rússlandi, eða fluttar inn eftir tímabundinn útflutning til annars þriðja lands eða yfirráðasvæðis, annars en Rússlands, að því tilskildu að þessar vörur hafi verið settar í tollferli vegna tímabundins innflutnings, innri aðvinnslu, ytri aðvinnslu eða tímabundins útflutnings við komu inn í Sambandið eða brottför frá því.“

13) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„3. gr. r

1. Lagt er bann við því að veita endurfermingarþjónustu á yfirráðasvæði Sambandsins vegna umfermingar á fljótandi jarðgasi sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi.
 2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist banninu í 1. mgr.
 3. Þrátt fyrir bönnin í 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað endurfermingarþjónustu vegna umfermingar á fljótandi jarðgasi, sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi, ef slík endurferming er nauðsynleg vegna flutnings þess til aðildarríkis og ef slíkt aðildarríki hefur staðfest að umfermingin sé notuð til að tryggja orkuafhendingu í því aðildarríki.
 4. Til að tryggja að farið sé að ákvæðum um bann skv. 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld sett reglur og veitt leiðbeiningar á landsvísu. Slíkar reglur og leiðbeiningar skulu fela í sér hertar kröfur um áreiðanleikakannanir, einkum varðandi auðkenningu á endurfermingarþjónustu sem veitt er vegna umfermingar, að teknu tilliti til sérstakra þátta landsbundna reglurammans sem gildir um aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas, fyrri viðskiptahátta sendenda, tímans milli affermingar og endurfermingar, vísbendinga um beinar viðskiptatengingar milli affermingar og endurfermingar, þ.m.t. kaup á nýrri affermingar- og endurfermingarþjónustu í pakka, og skráningarlands viðkomandi rekstraraðila.
 5. Lögbær stjórnvöld skulu, eigi síðar en 26. desember 2024, upplýsa framkvæmdastjórnina um þær reglur og leiðbeiningar sem komið var á skv. 4. mgr. eða að þau ætli sér ekki að setja slíkar reglur.
 6. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda fyrr en 26. mars 2022 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024.
 7. Lögaðilar sem annast affermingu fljótandi jarðgass sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi, skulu, eigi síðar en 26. júlí 2024 og mánaðarlega eftir það, tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem þeir eru staðsettir, um alla affermingu og innflutning til Sambandsins á fljótandi jarðgasi, sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi. Í tilkynningunni skulu vera upplýsingar um magn.
- Hlutaðeigandi aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það.
8. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki ef um er að ræða skip sem þarfnast aðstoðar í leit að skipaafdrepi, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgun mannlífa á sjó eða til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
 9. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um endurfermingarþjónustu sem er nauðsynleg vegna eldsneytistöku skipa sem nota fljótandi jarðgas.
 10. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með flæði fljótandi jarðgass, markaði og verði, samkeppnishæfni Sambandsins og hlutdeild rússnesks innflutnings á fljótandi jarðgasi í heildarorkuinnflutningi Sambandsins. Hún skal gefa ráðinu skýrslu ef fram kemur mikilvæg þróun sem tengist bönnunum í 1. og 2. mgr. og eigi síðar en 26. júní 2025. Ráðið skal taka tillit til þessara skýrslna við endurskoðun á þvingunaraðgerðunum.
 11. Ef um er að ræða mikilvæga þróun sem tengist bönnunum í 1. og 2. mgr. og hefur áhrif á flæði fljótandi jarðgass, markaði, verð, samkeppnishæfni Sambandsins eða hlutdeild rússnesks innflutnings í fljótandi jarðgasi í heildarorkuinnflutningi Sambandsins skal framkvæmdastjórnin leggja til við ráðið mildandi ráðstafanir, ásamt mati á áhrifum þeirra.

3. gr. s

1. Með tilliti til hvers konar skipa, sem eru skráð í XLII. viðauka, er lagt bann við því, beint eða óbeint:
 - a) að veita aðgang að höfnum, akkerislægjum og skipastigum á yfirráðasvæði Sambandsins og slíku skipi aðgang að þeim,
 - b) að flytja slíkt skip inn í Sambandið, kaupa það eða flytja til,
 - c) að selja, afhenda, þ.m.t. leigja, eða flytja út slíkt skip,
 - d) að reka slíkt skip eða manna það,
 - e) að láta í té fánaskráningu í þágu slíks skips,
 - f) að veita fjármagn og fjárhagsaðstoð, þ.m.t. tryggingar, auk miðlunarþjónustu, þ.m.t. skipamiðlun,

- g) að veita tækniástoð og aðra þjónustu, þ.m.t. eldsneytistöku, þjónustu við aðföng skipa, þjónustu við áhafnarskipti, þjónustu við fermingu og losun farms, þjónustu vegna fríholta og dráttarbáta í þágu slíks skips og
- h) að taka þátt í umskipun milli skipa eða hvers konar annarri umskipun farms með slíku skipi eða kaupa þjónustu af því.
2. Ákvæði XLII. viðauka taka til skipa sem:
- a) flytja vörur og tækni sem eru notuð í varnar- og öryggisgeiranum, frá eða til Rússlands, til notkunar í Rússlandi eða í hernaði Rússlands í Úkraínu,
- b) flytja hráolíu eða jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XXV. viðauka, sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út þaðan, jafnframt því að stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33),
- c) eru starfrækt með þeim hætti að þau stuðli að eða styðji við aðgerðir eða stefnur um hagnýtingu, þróun eða stækkun orkugeirans í Rússlandi, þ.m.t. orkugrunnvirki,
- d) eru starfrækt með þeim hætti að þau stuðli að eða styðji við aðgerðir eða stefnur sem grafa undan eða ógna efnahagslegum viðgangi eða fæðuöryggi í Úkraínu, s.s. flutning á stolnu úkraínsku korni eða varðveislu menningararfleifðar Úkraínu, s.s. flutning á stolnum úkraínskum menningarverðmætum,
- e) flytja vörur sem eru upprunnar í eða fluttar út frá Sambandinu og tilgreindar eru í XI., XX. og XXIII. viðauka við þessa reglugerð eða vörur sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi og inn til Sambandsins og eru tilgreindar í XXI. viðauka við þessa reglugerð og stuðla þar með að aðgerðum Rússlands við að grafa undan stöðugleika í Úkraínu,
- f) eru starfrækt með þeim hætti að það stuðli að eða ýti undir brot eða sniðgöngu eða raski verulega á annan hátt ákvæðum þessarar reglugerðar eða reglugerða (ESB) nr. 269/2014, (ESB) nr. 692/2014 eða (ESB) 2022/263 eða
- g) eru í eigu, á leigu eða í rekstri einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014, eru að öðru leyti notuð í nafni, fyrir hönd, í tengslum við eða í þágu slíkra aðila.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef um er að ræða skip, sem er skráð í XLII. viðauka, sem þarfnast aðstoðar þegar leitað er skipaafdreps, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgunar mannlífa á hafi úti eða í mannúðarskygni eða til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða á umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða viðurkenna eða fullnusta dóm eða úrskurð gerðardóms sem kveðinn er upp í aðildarríki.
4. Þrátt fyrir a- og g-lið 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis sem er eyríki heimilað skipi, sem er á skrá í XLII. viðauka skv. e-lið 2. mgr., aðgang að höfnum og akkerislægjum og fá þjónustu skv. g-lið 1. mgr. samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að:
- a) vörurnar séu algerlega nauðsynlegar til að uppfylla grunnþarfir viðkomandi aðildarríkis og
- b) innflutningur á slíkum vörum sé ekki bannaður með öðrum hætti samkvæmt þessari reglugerð.
5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.
- 3. gr. t*
1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni og við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi þjónustu þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka verkefnum er varða fljótandi jarðgas, s.s. birgðastöðvum og framleiðslustöðvum.
2. Lagt er bann við því að:
- a) veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð eða miðlunarþjónustu sem tengist vörum, tækni og þjónustu í Rússlandi þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru ætluð til að ljúka slíkum verkefnum er varða fljótandi jarðgas,
- b) veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð í tengslum við vörur, tækni og þjónustu í Rússlandi þegar slíkar vörur, tækni og þjónusta eru til þess ætluð að ljúka slíkum verkefnum er varða fljótandi jarðgas.
3. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif, fyrr en 26. september 2024, á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

3. gr. u

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á fljótandi jarðgasi sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi, um birgðastöðvar fyrir fljótandi jarðgas í Sambandinu sem eru ekki tengdar samtengda jarðgaskerfinu.
2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsástoð eða aðra þjónustu sem tengjast banninu er um getur í 1. mgr.
3. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda fyrr en 26. júlí 2024 um samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.
4. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á afhendingu fljótandi jarðgass, sem er upprunið í Rússlandi, frá meginlandi aðildarríkis til ystu svæða þess.

3. gr. v

1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi, tilflutningi, sölu, afhendingu eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á ukránskum menningareignum og öðrum vörum sem eru fornleifafræðilegar, sögulegar, menningarlegar, hafa fágæta vísindalega eða trúarlega þýðingu ef rökstuddur grunur er um að vörurnar hafi verið fjarlægðar frá Úkraínu án samþykkis lögmæts eiganda þeirra eða hafi verið fjarlægðar þannig að það brjóti í bága við ukránsk lög eða alþjóðalög, einkum ef vörurnar eru óaðskiljanlegur hluti opinberra safn-gripa sem skráðir eru í skrám ukránskra safna, skjalasafna eða bókasafna eða í skrám ukránskra trúarstofnana.
2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsástoð eða aðra þjónustu sem tengjast banninu er um getur í 1. mgr.
3. Bannið í 1. og 2. mgr. gildir ekki ef sýnt hefur verið fram á að:
 - a) vörurnar hafi verið fluttar út frá Úkraínu fyrir 1. mars 2014 eða
 - b) verið sé að skila vörunum til lögmætra eigenda sinna í Úkraínu á öruggan hátt.“

14) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„5. gr. ab

1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr., sem hefur lagt fram kröfu fyrir rússneskum dómstóli gegn einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr., í því skyni að fá lögbann, úrskurð, dóm eða annan dómúrskurð skv. 248. gr. reglna Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa, beint eða óbeint, að hluta til eða að öllu leyti, orðið fyrir áhrifum af þeim ráðstöfunum sem eru gerðar samkvæmt þessari reglugerð eða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 269/2014 eins og fram kemur í XLIII. viðauka.
2. Nema það sé bannað með öðrum hætti gildir bannið í 1. mgr. ekki um viðskipti sem eru:
 - a) nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að kaupa, flytja inn og flytja samkvæmt þessari reglugerð,
 - b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 269/2014,
 - c) með fyrirvara um b-lið þessarar málsgreinar, algjörlega nauðsynleg til að fá skaðabætur samkvæmt:
 - i. 11. gr. a eða 11. gr. b þessarar reglugerðar eða
 - ii. 11. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 269/2014.

5. gr. ac

1. Lagt er bann við því, frá og með 25. júní 2024, að lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Sambandinu og sem starfa utan Rússlands tengist beint sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilegri sérhæfðri fjármálaskilaboðþjónustu sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót.
2. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Rússlands sem er á skrá í XLIV. viðauka.

Í XLIV. viðauka skal tilgreina lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands, sem nota sendingakerfi Seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilega, sérhæfða fjármálaskilaboðþjónustu sem Seðlabanki Rússlands eða rússneska ríkið kemur á fót, og sem með slíkri notkun auka i. fjárhagslegan viðnámsþrótt Rússlands og ii. styðja sniðgöngu banna í þessari reglugerð og reglugerð (ESB) nr. 269/2014.

3. Bannið í 1. og 2. mgr. gildir ekki fyrr en 26. september 2024 um efndir samninga sem gerðir voru við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem er á skrá í XLIV. viðauka fyrir 24. mars 2024, eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

4. Bannið í 1. og 2. mgr. gildir ekki um viðtöku greiðslna sem lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem er á skrá í XLIV. viðauka, ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem eru efndir fyrir 24. mars 2024.

5. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:

- a) algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á jarðgasi, titáni, áli, kopar, nikkeli, palladíum og járngrýti frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið, land sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða vesturhluta Balkanskaga,
- b) algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á olíu, þ.m.t. hreinsuðum olíuvörum, frá eða í gegnum Rússland, nema það sé bannað skv. 3. gr. m eða 3. gr. n,
- c) nauðsynleg vegna kaupa ásamt innflutningi og flutningi inn í Sambandið á lyfjum, lækningavörum eða landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að kaupa og flytja inn í Sambandið samkvæmt þessari reglugerð,
- d) nauðsynleg til að endurgreiða skuld við ríkisborgara aðildarríkis, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu,
- e) nauðsynleg vegna greiðslu um lífeyriskerfi til aðila með staðfestu í Sambandinu eða
- f) nauðsynleg vegna greiðslu frá eða til umboðsráði gyðinga (e. Jewish Claims Conference).

6. Bannið í 2. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:

- a) nauðsynleg vegna kaupa, útflutnings, afhendingar, sölu, tilfærslu eða flutnings á lyfjum, lækningavörum eða landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að kaupa, flytja út, afhenda, selja, tilfæra eða flytja samkvæmt þessari reglugerð og eru nauðsynleg til að tryggja fæðuöryggi í þriðju löndum,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að þau viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014,
- c) nauðsynleg í mannúðarskygni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flytja starfsmenn hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur,
- d) nauðsynleg til að endurgreiða skuld við ríkisborgara aðildarríkis, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu,
- e) háð þátttöku lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í XLIV. viðauka, við veitingu samsvarandi bankaþjónustu eða
- f) nauðsynleg vegna greiðslu af hálfu ríkisborgara aðildarríkis, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Sambandinu samkvæmt lánsamningi sem aðildarríki hefur gert.

5. gr. ad

1. Lagt er bann við því að eiga viðskipti, á beinan eða óbeinan hátt, við:

- a) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem veitir þjónustu með sýndareignir (e. crypto assets services) og tekur þátt í viðskiptum sem auðvelda, beint eða óbeint, útflutning, sölu, afhendingu, tilflutning eða flutning til Rússlands á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, vörum eða tækni, sem skráðar eru í VII., XI., XX. og XXXV. viðauka við þessa reglugerð, almennum vörum með mikinn forgang, sem skráðar eru í XL. viðauka við þessa reglugerð, og skotvopnum og skotfærum sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 258/2012, eins og skráð er í XLV. viðauka við þessa reglugerð, eða
- b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:

- a) nauðsynleg vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja út, selja, afhenda, flytja inn og flytja til Rússlands samkvæmt þessari reglugerð,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að þau viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerð ráðsins (ESB) 269/2014 eða
- c) nauðsynleg í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur.“
- 15) Í stað a-liðar 2. mgr. 5. gr. k kemur eftirfarandi:
- „a) til reksturs kjarnorkugetu til borgaralegra nota, viðhalds hennar, óvirkjunar og meðhöndlunar geislavirks úrgangs hennar, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, sem og til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,“.
- 16) Í stað 1. mgr. 5. gr. l kemur eftirfarandi:
- „l. Lagt er bann við því að veita beinan eða óbeinan stuðning, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð eða hvers konar annan ávinning samkvæmt áætlun Sambandsins, Kjarnorkubandalags Evrópu eða landsáætlun aðildarríkis og samningum í skilningi reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046⁽¹⁾ til:
- a) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Rússlandi,
- b) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem rekstrareining, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti.
- 17) Ákvæðum 2. mgr. 5. gr. l er breytt sem hér segir:
- a) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:
- „d) rekstur kjarnorkugetu til borgaralegra nota, viðhald hennar, óvirkjun og meðhöndlun geislavirks úrgangs hennar, eldsneytisafhendingu og -endurmeðhöndlun og öryggi hennar, og áframhaldandi hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, sem og afhendingu forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, mikilvæga tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og samstarf um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,“.
- b) Eftirfarandi liðum er bætt við:
- „h) starfsemi verslunarráða, viðskiptasambanda, menningar- og menntamiðstöðva, trúarlegra stofnana og áætlana um stúdentaskipti í aðildarríkjunum í Rússlandi,
- i) starfsemi í borgaralegu samfélagi sem eflir með beinum hætti lýðræði, mannréttindi, réttarreglur eða önnur markmið, s.s. óháða blaðamennsku eða baráttu gegn röngum upplýsingum, sem samrýmist markmiðum þessarar reglugerðar í Rússlandi,
- j) áætlanir aðildarríkjanna um sögulega ábyrgð og stuðning við þjóðernisminnihlutahópa aðildarríkjanna í Rússlandi.“
- 18) Ákvæðum 5. gr. n er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:
- „7. Ákvæði 1. og 2. mgr., 2. mgr. a og 2. mgr. b gilda ekki fyrr en 30. september 2024 um sölu, afhendingu, tilfærslu, útflutning eða veitingu þjónustu sem er eingöngu ætluð til einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Rússlandi sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða samstarfslands eins og skráð er í VIII. viðauka.“
- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „8a Ákvæði 1. og 2. mgr. og 2. mgr. a gilda ekki um veitingu ríkisborgara aðildarríkis, sem eru búsettir í Rússlandi og voru það fyrir 24. febrúar 2022, á þjónustu til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í h-lið 10. mgr. og eru vinnuveitendur þeirra, að því tilskildu að slík þjónusta sé eingöngu ætluð til nota fyrir þessa lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir.“
- c) Í stað f-liðar 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„f) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendningar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,“

19) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„5. gr. s

1. Hugverkastofur og aðrar þar til bærar stofnanir, sem komið er á fót samkvæmt lögum aðildarríkis eða Sambandsins, skulu ekki samþykkja:

- a) nýjar umsóknir um skráningu vörumerkja, einkaleyfa, iðnhönnunar, nýtjamynstra, verndaðra upprunatáknana og verndaðra landfræðilegra merkinga sem rússneskir ríkisborgarar eða einstaklingar með búsetu í Rússlandi eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Rússlandi leggja fram, þ.m.t. ef umsóknin er lögð fram sameiginlega af rússneskum ríkisborgara eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi og einum eða fleiri einstaklingum eða lögaðilum sem eru ekki rússneskir og eru búsettir eða með staðfestu utan Rússlands,
- b) beiðnir eða gögn sem rússneskir ríkisborgarar eða einstaklingar sem eru búsettir í Rússlandi, eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Rússlandi, leggja fram meðan á skráningarferli stendur hjá slíkum hugverkastofum sem tengjast einhverjum þeim hugverkaréttindum sem um getur í a-lið.

2. Aðildarríki skulu sem samningsríki samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa frá 5. október 1973, eins og hann var endurskoðaður 17. desember 1991 og 29. nóvember 2000 („evrópski einkaleyfasamningurinn“ (EPC)), og þegar þau uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar sem þau hafa gengist undir með evrópska einkaleyfasamningnum, leggja sig fram um að tryggja að Einkaleyfastofnun Evrópu hafni beiðnum um samræmd réttaráhrif í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2012⁽¹²⁾ sem rússneskir ríkisborgarar eða einstaklingar sem eru búsettir í Rússlandi eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Rússlandi leggja fram, þ.m.t. ef beiðnin er lögð fram sameiginlega af rússneskum ríkisborgara eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi og einum eða fleiri einstaklingum eða lögaðilum sem eru ekki rússneskir og eru búsettir eða með staðfestu utan Rússlands.

3. Aðildarríki skulu sem samningsríki evrópska einkaleyfasamningsins og þegar þau uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar samkvæmt honum leggja sig fram um að tryggja að Einkaleyfastofnun Evrópu samþykki ekki nýjar umsóknir um skráningu evrópskra einkaleyfisumsókna sem rússneskir ríkisborgarar eða einstaklingar sem eru búsettir í Rússlandi, eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Rússlandi leggja fram, þ.m.t. ef umsókn er lögð fram sameiginlega af rússneskum ríkisborgara eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi og einum eða fleiri einstaklingum eða lögaðilum sem eru ekki rússneskir og eru búsettir eða með staðfestu utan Rússlands.

4. Aðildarríki og, eftir atvikum, Sambandið skulu, í athöfnum sínum samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar frá 14. júlí 1967 og með áorðnum breytingum frá 28. september 1979, leggja sig fram um að tryggja að Alþjóðahugverkastofnunin eða hugverkastofur, sem stofnaðar eru samkvæmt lögum aðildarríkis eða Sambandsins, eða Einkaleyfastofnun Evrópu, samþykki ekki nýjar umsóknir um slík réttindi frá rússneskum ríkisborgurum eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi, þ.m.t. ef umsókn er lögð fram sameiginlega af rússneskum ríkisborgara eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi og einum eða fleiri einstaklingum eða lögaðilum sem eru ekki rússneskir og eru búsettir eða með staðfestu utan Rússlands.

5. Ákvæði 1.–4. mgr. gilda ekki um ríkisborgara aðildarríkis, ríkisborgara lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða ríkisborgara Sviss eða um einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, í landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Sviss.

5. gr. t

1. Lagt er bann við því að þiggja framlög, fjárhaglegan ávinning eða stuðning, þ.m.t. fjármagn og fjárhagsaðstoð, beint eða óbeint frá:

- a) ríkisstjórn Rússlands

- b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi, sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
 - c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem rekstrareining, sem um getur í a- eða b-lið, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti, eða
 - d) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-mælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b- eða c-lið.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda aðeins um:
- a) evrópska stjórnmalaflokka og evrópskar stjórnmalastofnanir, eins og skilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1141/2014⁽¹³⁾,
 - b) stjórnmalaflokka og stjórnmalabandalög, eins og þau eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 1141/2014, með fyrirvara um grundvallarreglur af stjórnskipulegum toga, eins og þeim er beitt í aðildarríkjunum, sem gilda um starfsemi slíkra stjórnmalaflokka og -bandalaga,
 - c) frjáls félagasamtök sem hafa staðfestu eða eru skráð í samræmi við lög aðildarríkis og
 - d) veitendur fjölmiðlaþjónustu, eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1083⁽¹⁴⁾, með staðfestu í aðildarríki, með fyrirvara um grundvallarreglur af stjórnskipulegum toga, eins og þeim er beitt í aðildarríkjunum, í tengslum við prentfrelsi og tjaningarfrelsi.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að rekstraraðilar, sem um getur í c- og d-lið 2. mgr., veiti framlög, efnahagslegan ávinning eða stuðning, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð, að því tilskildu að slík viðurkenning myndi á engan hátt hafa áhrif á lýðræðisleg ferli í Sambandinu eða grafa undan lýðræðislegum undirstöðum þeirra, m.a. með herferðum til áhrifa og með því að ýta undir rangar upplýsingar sem miða að því að grafa undan landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu og með áróðursaðgerðum til stuðnings hernaðarárásum Rússlands gegn Úkraínu.
4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.
- 20) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað c-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) brot á ákvæðum og vandkvæði samfara framkvæmd, viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.“
 - b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur, sem gilda um meginstofnanir Sambandsins, veita. Sama vernd skal gilda um sameiginlegar tillögur æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á þessari reglugerð og öll undirbúningsskjöl sem þeim tengjast.

Gera skal ráð fyrir því að birting slíkra skjala eða tillagna, sem um getur í fyrstu undirgrein, myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“
- 21) Í stað 1. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:
- „1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög, þ.m.t. refsiviðurlög eins og við á, við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif og geta tekið tillit til valfrjálstrar sjálfstilkynningar um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar sem mildandi þáttar, í samræmi við viðeigandi landslög. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að gera ágóða af slíkum brotum upptækan.“
- 22) Eftirfarandi grein er bætt við:
- „8. gr. a
- Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu gera sitt ýrasta til að tryggja að lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða ráða yfir, taki ekki þátt í starfsemi sem grefur undan þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.“
- 23) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 11. gr.:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbæru stjórnvöldin, á grundvelli sérstaks mats í hverju tilviki fyrir sig til 31. desember 2024, heimilað fullnustu kröfu sem sett er fram af hálfu aðilanna, rekstrareininganna og stofnanna sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr., samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að fullnusta kröfunnar sé algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi.“

24) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„11. gr. a

Sérhver aðili sem um getur í c- eða d-lið 13. gr. skal, með dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkisins, eiga rétt á skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá aðili stofnar til vegna krafna, sem aðilar, rekstrareiningar og stofnarnir, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr., stofna til í þriðju löndum í tengslum við samning eða viðskipti þar sem framkvæmd þeirra hefur orðið fyrir áhrifum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, af þeim ráðstöfunum sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki greiðan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu.

11. gr. b

1. Sérhver aðili, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr., skal, með dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkisins, eiga rétt á greiðslu skaðabóta, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar, vegna skaða sem sá aðili verður fyrir af hálfu aðila, rekstrareininga og stofnana, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr. sem nutu góðs af ákvörðun sem tekin var samkvæmt tilskipun forseta Rússneska sambandsríkisins nr. 302 frá 25. apríl 2023 með síðari breytingum, eða rússneskri löggeðgjöf sem tengist henni eða jafngildir henni, að því tilskildu að slík ákvörðun sé ólögleg samkvæmt hefðbundnum reglum þjóðaréttar eða samkvæmt tvíhliða fjárfestingasamningi sem gerður er milli aðildarríkis og Rússlands og að viðkomandi aðili hafi ekki virkan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu.

2. Aðildarríki skulu ekki vera ábyrg fyrir ákvörðunum dómstóla sem kveðnar eru upp skv. 1. mgr. eða fullnustu slíkra ákvarðana. Aðildarríki skulu ekki hlíta dómum, úrskurðum gerðardóms, þ.m.t. úrskurðum gerðardóms fjárfestaríkis, eða öðrum dómsákvörðunum sem hafa í för með sér bótaskyldu þeirra í trássi við fyrsta málslið þessarar málsgröinar.“

25) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari reglugerð eru sniðgengin, þ.m.t. með því að taka þátt í slíkri starfsemi án þess að reyna vísvitandi að ná því markmiði eða áhrifum en vera ljóst að þátttakan getur haft það markmið eða þau áhrif og sætta sig við þann möguleika.“

26) Ákvæðum 12. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 2. gr., 2. gr. a, 3. gr., 3. gr. b, 3. gr. c, 3. gr. f, 3. gr. h og 3. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni, sem eru á skrá í II., VII., X., XI., XVI., XVIII., XX. og XXIII. viðauka við þessa reglugerð og í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/821, sem og sölu, leyfisveitingu eða annars konar framsal á hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, sem og veitingu réttar til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur hér að framan til 31. desember 2024 ef slík sala, afhending, tilflutningur, leyfisveiting eða veiting réttar til aðgangs eða endurnotkunar er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“

b) Í stað 1. mgr. a kemur eftirfarandi:

„1a Þrátt fyrir 3. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni sem eru á skrá í II. viðauka til 31. desember 2024 ef slík sala, afhending eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til að losa um fjárfestingar í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem er skráð eða stofnað samkvæmt lögum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022, sem rússneskur lögaðili, rekstrareining eða stofnun tekur þátt í og sem rekur grunnvirki fyrir gasleiðslur milli Rússlands og þriðju landa.“

c) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 3. gr. g og 3. gr. i geta lögbær stjórnvöld heimilað innflutning eða tilflutning á vörum, sem eru á skrá í XVII. og XXI. viðauka til 31. desember 2024, ef slíkur innflutningur eða tilflutningur er alger-

lega nauðsynlegur til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

d) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. a kemur eftirfarandi:

„2a Þrátt fyrir 5. gr. n geta lögbær stjórnvöld heimilað áframhaldandi veitingu þjónustu sem þar er talin upp til 31. desember 2024 ef slík veiting þjónustu er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

27) Í stað 12. gr. g kemur eftirfarandi:

„12. gr. g

1. Þegar vörur og tækni sem eru á skrá í XI., XX. og XXXV. viðauka við þessa reglugerð, almennar vörur með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka við þessa reglugerð, eða skotvopn og skotfæri, sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 258/2012, eru seld, afhent, tilfærð eða flutt út til þriðja lands, að undanskildum samstarfslöndunum sem eru á skrá í VIII. viðauka við þessa reglugerð, skulu útflytjendur, frá og með 20. mars 2024, banna samkvæmt samningi endurútflytning til Rússlands og endurútflytning til nota þar í landi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

- a) efndir samninga í tengslum við vörur sem falla undir SN-númer 8457 10, 8458 11, 8458 91, 8459 61 og 8466 93, eins og skráð er í XL. viðauka,
- b) efndir samninga sem gerðir voru fyrir 19. desember 2023 og varða aðrar vörur en þær sem um getur í a-lið, til 1. janúar 2025 eða til lokadagsetningar þeirra, eftir því hvort ber fyrir að.

2a. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um opinbera samninga sem gerðir eru við opinbert yfirvald í þriðja landi eða við alþjóðastofnun.

2b. Útflutningsaðilar skulu upplýsa lögbært stjórnvald í því aðildarríki, þar sem þeir hafa búsetu eða staðfestu, um hvers konar opinberan samning sem þeir hafa gert og sem nýtur góðs af undanþágunni skv. 2. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hann er gerður. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.

3. Við beitingu 1. mgr. skulu útflytjendur tryggja að í samningi við þriðja land sem er mótaðili sé að finna fullnægjandi úrræði ef brotið er gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr.

4. Ef þriðja landið sem er mótaðili brýtur gegn einhverri samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. skulu útflytjendur tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þeir eru búsettir eða hafa staðfestu um brotið um leið og þeir verða varir við það.

5. Aðildarríkin skulu upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um tilvik þar sem komið hefur í ljós að brotið hefur verið gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. eða hún sniðgengin.“

28) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„12. gr. ga

1. Þegar hugverkaréttur eða viðskiptaleyndarmál eru seld, leyfi veitt fyrir þeim eða þau framseld með öðrum hætti, og veittur er réttur til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða eru verndaðar sem viðskiptaleyndarmál í tengslum við almennar vörur með mikinn forgang, sem skráðar eru í XL. viðauka við þessa reglugerð, skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, frá og með 26. desember 2024, banna með samningi þriðju löndum sem eru mótaðilar, og gera þá kröfu að þau banni mögulegum undirleyfishöfum slíks hugverkaréttar eða viðskiptaleyndarmála, að nota slíkan hugverkarétt, viðskiptaleyndarmál eða aðrar upplýsingar í tengslum við almennar vörur með mikinn forgang, sem eru á skrá í XL. viðauka við þessa reglugerð, sem ætluð eru til sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings, beint eða óbeint, til Rússlands eða til notkunar þar í landi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um efndir samninga, sem gerðir voru fyrir 25. júní 2024, fyrr en 26. júní 2025 eða þann dag sem þeir falla úr gildi, eftir því hvort ber fyrir að.

3. Við beitingu 1. mgr. skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir tryggja að í samningi við þriðja land sem er mótaðili sé að finna fullnægjandi úrræði ef brotið er gegn samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr.

4. Ef þriðja landið sem er mótaðili brýtur gegn einhverri samningsbundinni skyldu skv. 1. mgr. skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem þeir eru búsettir eða hafa staðfestu um brotið um leið og þeir verða varir við það.

5. Aðildarríkin skulu upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um tilvik þar sem komið hefur í ljós að brotið hefur verið gegn sammingsbundinni skyldu skv. 1. mgr. eða hún sniðgengin.

12. gr. gb

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda, tilfæra eða flytja út almennar vörur með mikinn forgang, eins og skráð er í XL. viðauka við þessa reglugerð, skulu, frá og með 26. desember 2024:

- a) gera viðeigandi ráðstafanir, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að greina og meta áhættu af útflutningi til Rússlands og útflutningi til notkunar í Rússlandi fyrir slíkar vörur eða tækni og tryggja að þetta áhættumat sé skjalfest og uppfært,
- b) koma á viðeigandi stefnum, eftirliti og verklagsreglum, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að milda og stýra með skilvirkum hætti áhættu af útflutningi til Rússlands og útflutningi til notkunar í Rússlandi fyrir slíkar vörur eða tækni, hvort sem áhættan var greind á þeirra vettvangi eða á vettvangi aðildarríkisins eða Sambandsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda eða framselja almennar vörur með mikinn forgang, eins og skráð er í XL. viðauka, einungis innan Sambandsins eða til samstarfslanda sem skráð eru í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

3. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, frá og með 26. desember 2024, tryggja að lögaðili, rekstrareining eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða hafa yfirráð yfir og selur, afhendir, tilfærir eða flytur út almennar vörur með mikinn forgang, eins og skráð er í XL. viðauka, komi til framkvæmda kröfunum í a- og b-lið 1. mgr.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki þegar einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir geta ekki sjálfar farið með yfirráð yfir eigin lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af ástæðum sem viðkomandi átti enga sök á.“

29) Eftirfarandi grein er bætt við:

„12. gr. h

Að því er varðar Paks II-verkefnið skulu bönnin í þessari reglugerð ekki gilda um starfsemi sem er nauðsynleg til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, að því tilskildu að einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum í því aðildarríki þar sem þau eru búsett, staðsett, með staðfestu eða stofnuð um slíka starfsemi innan tveggja vikna frá því hún hefst.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.“

- 30) Í stað IV. viðauka kemur I. viðauki við þessa reglugerð.
- 31) Í stað VII. viðauka kemur II. viðauki við þessa reglugerð.
- 32) Í stað VIII. viðauka kemur III. viðauki við þessa reglugerð.
- 33) Ákvæðum XXI. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.
- 34) Í stað XXIII. viðauka kemur V. viðauki við þessa reglugerð.
- 35) Ákvæðum viðauka XXIIIC er bætt við í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.
- 36) Ákvæðum XXIX. viðauka er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.
- 37) Í stað XXXVI. viðauka kemur VIII. viðauki við þessa reglugerð.
- 38) Ákvæðum XL. viðauka er breytt í samræmi við IX. viðauka við þessa reglugerð.
- 39) Ákvæðum XLII. viðauka er bætt við í samræmi við X. viðauka við þessa reglugerð.
- 40) Ákvæðum XLIII. viðauka er bætt við í samræmi við XI. viðauka við þessa reglugerð.
- 41) Ákvæðum XLIV. viðauka er bætt við í samræmi við XII. viðauka við þessa reglugerð.
- 42) Ákvæðum XLV. viðauka er bætt við í samræmi við XIII. viðauka við þessa reglugerð.
- 43) Ákvæði viðauka XXIIIA falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1744, 24.6.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1744/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 frá 14. mars 2012 um framkvæmd 10. gr. bókunar Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, hluta þeirra, ihluti og skotfæri, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (bókun SP um skotvopn), og um að koma á útflutningsleyfum og innflutnings- og umflutningsráðstöfunum vegna skotvopna, hluta þeirra, ihluta og skotfæra (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 1).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226 frá 24. apríl 2024 um skilgreiningu á refsiverðum brotum og viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum Sambandsins og breytingu á tilskipun (ESB) 2018/1672 (Stjtið. ESB L, 2024/1226, 29.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1226/oj>).

⁽⁸⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2874 frá 18. desember 2023 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2023/2874, 18.12.2023, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/2874/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um fjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).“

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um fjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).“

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).“

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2012 frá 17. desember 2012 um að koma á aukinni samvinnu á sviði stofnunar sameiginlegrar einkaleyfisverndar (Stjtið. ESB L 361, 31.12.2012, bls. 1).“

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 1141/2014 frá 22. október 2014 um stofnsamþykkt og fjármögnun evrópskra stjórnálflokka og evrópskra stjórnálflokkastofnana (Stjtið. ESB L 317, 4.11.2014, bls. 1).“

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1083 frá 11. apríl 2024 um sameiginlegan ramma um fjölmiðlaþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB (Evrópugerðin um frelsi fjölmiðla) (Stjtið. ESB L, 2024/1083, 17.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1083/oj>).“

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1745/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.